




Ársskýrsla 2019

Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn



„Af þessu keppast allar siðaðar þjóðir við, að koma upp hjá sjer svo góðum bókasöfnum, sem efni þjóðarinnar (ríkisins) ítrast leyfa, og sem samsvari, sem mest sem auðið er, þörfum landsmanna og kröfum tímanna ...” (Jón Árnason: Um Stipts-bókasafnið í Reykjavík, 1862).

Haldið var upp á 200 ára afmæli Jóns Árnasonar landsbókavörðar og þjóðsagnasafnara. Helgi Gíslason myndhöggvari gerði tvær lágmyndir af Jóni og var önnur sett upp í Þjóðarbókhöðunni og hin á Skagaströnd, en Jón var fæddur á Hofi í Skagabyggð.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

ÁRSSKÝRSLA 2019.

ISSN 2298-8785.

Ritstjórn: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Umbrot: Íslenska auglýsingastofan og Ólafur J. Engilbertsson.

Forsíðumynd: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.

Myndir: Helgi Braga og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir.



Efnisyfirlit

Frá landsbókaverði	2
Stjórnsýsla	4
Innra starf	5
Samskipti við Háskóla Íslands	10
Innlent samstarf	11
200 ára afmæli Jóns Árnasonar	15
Erlent samstarf	17
Samningar	19
Skipurit	20
Rekstur og upplýsingatækni	21
Aðföng og skráning	27
Varðveisla og stafræn endurgerð	32
Þjónusta og miðlun	39
Árstölur	45



Frá landsbókaverði

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN er þekkingarveita í allra þágu. Safnið veitir þjónustu á öllum sviðum vísinda og fræða. Það er í forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga og eflir þannig menningu, rannsóknir og nýsköpun.

Rekstur safnsins var talsvert yfir áætlun, en staðan var neikvæð um 17,5 m.kr. í árslok. Afkoman er samt betri en reiknað var með og er helsta skýringin sú að sértekjur voru nokkru hærrí en ráð var fyrir gert. Aðhalds var áfram gætt í starfsmannahaldi en ársverkum fækkaði um tæplega eitt. Sama á við um ferðir og ráðstefnur. Helstu framkvæmdir ársins voru glerskipti í þaki forhýsis og lokið við að setja öryggisgler í anddyri, auk rúðuskipta vegna kísils. Lokið var við mörg minni viðhaldsverkefni í hússtjórnarkerfum safnsins. Í maí lauk jafnlaunavottun þegar Lbs-Hbs fékk heimild Jafnréttisstofu til að nota jafnlaunamerkið og fékk viðurkenningarskjal frá Vottun hf. Jafnlaunavottunin er staðfesting á að safnið starfræki launakerfi sem stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Safnið tók einnig þátt í að móta stefnu um um opinn aðgang fyrir Ísland á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Vinna við nýja stefnumótun fyrir safnið hófst í lok árs. Nýtt útlit á vefjum safnsins var tekið í notkun og verður innleitt smám saman. Nýr aðalvefur var opnaður 1. mars.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið festi kaup á s.k. CRIS kerfi eða upplýsingakerfi fyrir rannsóknir á Íslandi í kjölfar útboðs og var Lbs-Hbs falið að reka kerfið á samningstímanum sem er 5 ár. Verkefnið *Græn skref í ríkisrekstri* hélt áfram á árinu, og var lokið við 1. áfanga í byrjun árs. Lög um stuðning við útgáfu bóka á íslensku voru samþykkt á Alþingi í desember. Í byrjun árs var undirritað samkomulag um að Lbs-Hbs og Þjóðminjasafn taki við safnkosti og eigum Leikminjasafns Íslands, með stuðningi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Til safnsins komu aðallega bækur og skjöl, en einnig vefurinn *leikminjasafn.is* og undirliggjandi gagnagrunnur.

Minnst var tveggja alda fæðingarafmælis Jóns Árnasonar landsbókavarðar og þjóðsagnasafnara á árinu, í samstarfi við Árnastofnun og sveitarfélagið Skagaströnd. Málþing voru haldin á Skagaströnd 17.-18. ágúst, í safninu 7. sept. og Árnastofnun sá um málþing í Norræna húsinu 17.-18. okt. Þá voru lágmyndir eftir Helga Gíslason af Jóni settar upp á í safninu og á Skagaströnd. Ennfremur gaf Íslandspóstur út frímerki með mynd af Jóni.

Í apríl var haldið í safninu s.k. "hackathon.. á vegum International Internet Preservation Consortium (IIPC) til að þróa tól til að auðvelda og auka sjálfvirkni í gæðaeftirliti við söfnun vefefnis. Ársfundur Nordisk Center for Teaterdokumentation var haldinn í safninu 16. og 17. maí, en það tengist komu Leikminjasafns Íslands í Þjóðarbókhöðu, og NING hópurinn (Nordic Information Network Gender) hélt árlegan fund í Kvennasögusafni 21. maí. Þá var í safninu í júní fundur NordLic sem er samstarfsveitvangur norrænna samlaga sem sjá um áskriftir að rafrænu vísindaefni. Guðný Halldórsdóttir afhenti safninu lágmynd af föður sínum Halldóri Laxness eftir Erling Jónsson í desember og var hún sett upp á lestrarsal.

Starfsfólki var boðið í jólahlaðborð til að minnast þess að 25 ár voru liðin frá opnun Þjóðarbókhöðunnar 1. desember 1994.

Stefna ríkisaðila 2019-21

Rekstraráætlun fyrir 2019 var unnin skv. lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF), en þar er gert ráð fyrir árlegri stefnumótun ríkisstofnana til næstu 3 ára, í samvinnu við sitt ráðuneyti. Þau verkefni safnsins, sem áhersla verður á næstu árin falla undir málaflokk *18.1 Safnamál* í fjárlögum, en einnig er tekið mið af málefna sviðum *7 Rannsóknir, nýsköpun og þekkingargreinar* og *21 Háskólastig*. Í sumum tilvikum féllu verkefni í núverandi stefnu safnsins, *Þekkingarveita í allra þágu*, að þessum áherslum og var aukinn kraftur settur í vinnu við þau. Unnið var að eftirfarandi markmiðum á árinu 2019:

Kjarnastarfsemi:

1. *Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum,*
2. *Aukið framboð á menningarsögulegu efni á vefjum safnsins,*
3. *Úrbætur í húsnæðis- og öryggismálum Lbs-Hbs, m.a. fyrir varaeintakasafn.*

Rekstrarþættir:

1. *Efling mannauðs,*
2. *Innleiðing Grænna skrefa í ríkisrekstri,*
3. *Efling skjalastjórnunar.*

Hér á eftir verður gerð grein fyrir framgangi einstakra verkefna, en vakin er athygli á að stefnan nær til þriggja ára og verður endurskoðuð árlega.

Kjarnastarfsemi

Bætt aðgengi og miðlun á menningu og listum

Vefir í rekstri safnsins voru 28. Heimsóknnum fjölgaði um 27.4% og síðuflettingum um 0.9%. Nýjar þjónustur á aðalvef safnsins eru m.a. pantanir á almennri kynningu, leiðsögn um heimildaleit og skil í varðveislusafnið *Opin vísindi*. 15 vefir voru með snjalltækjaviðmót í lok árs. Aðalvefur safnsins, *landsbokasafn.is* fékk nýtt útlit í mars, þar sem upplifun og aðgengi notandans er eins og best verður á kosið. 9 sýningar voru haldnar (sjá bls. 22-24) og 12 kjörgripir kynntir á vef safnsins.

Aukið framboð á stafrænu menningarefni

Í stafrænni endurgerð handrita og pappírsefnis varð aukning um rúmlega 150.000 myndir eða síður, en alls eru vel rúmlega 6 milljónir mynda á vefjum safnsins. Áhersla var á að bæta við efni á vefjunum *timarit.is*, *bækur.is*, *handrit.is* og *hljóðsafn.is*. Á *bækur.is* fjölgaði titlum á stafrænu formi úr 1.705 í 1.850 á árinu (8.5 %) og mynduðum handritum á *handrit.is* fjölgaði úr 2.450 í 2.590 (5.7%). Stafrænum hljóðskráum fjölgaði úr 37.857 í 42.623 (12.3%), auk umslaga og textahefta fyrir *hljóðsafn.is*, rúmlega 16.200 myndir af fylgiefni í árslok. Margvíslegt annað menningarsögulegt efni er á vefjum safnsins s.s. skrá yfir þýðingar Íslendingasagna, vefurinn *einkaskjal.is* sem er skrá yfir bréfasöfn, *ismus.is* með tónlistartengdu efni, *Lykilskrá* með samræmdum efnisorðum og mannanöfnum, og svo sögulegir vefir s.s. *konurogstjornmal.is* og um skáldin Hallgrím Pétursson og Jónas Hallgrímsson.

Úrbætur í húsnæðis- og öryggismálum

Safnkostur er í Þjóðarbókhöðu auk 11 annarra staða ef útibú og gagnageymslur eru talin. Helstu geymslur fyrir áþreifanlegt efni eru í kjallara Þjóðarbókhöðu, Reykholti og í Mjódd. Mikið hefur verið hagrætt, grisjað og skráð í geymslum s.l. ár og sérstakt átak var gert í Mjódd. Settar voru stífar reglur um móttöku gjafa. Sent var minnisblað um geymslur og öryggismál til mennta- og menningarmálaráðuneytisins í nóvember þar sem farið er yfir geymslumálin og lagðar til úrbætur, en unnið er að heildstæðri stefnumótun á þessu sviði. Skipt var um gler í þaki forhýsis og lokið var við að setja öryggisgler í anddyri. Rennihurð í anddyri var endurnýjuð. Viðhald hélt áfram á ýmsum hússtjórnaverkefnum en skipt var um rakadælur og rakaskiljur, auk þess sem dælur voru endurnýjaðar.

Rekstrarþættir

Efling mannaúðs

Safnið fékk jafnlaunavottun í apríl og fékk heimild Jafnréttisstofu til að nota jafnlaunamerkið og fékk viðurkenningarskjal frá Vottun hf. Safnið setti sér Jafnlaunastefnu árið 2014 og hefur verið þátttakandi í tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastaðals á vegum fjármálaráðuneytisins allt frá 2013. Jafnlaunavottunin er staðfesting á að safnið starfræki launakerfi sem stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Þar sem því verður við komið er unnin kynbundin tölfræði, sem birt er í ársskýrslu. Niðurstöður úr Stofnun ársins lækkuðu um nokkur stig, Ánægja með jafnrétti kynjanna jókst og einnig ánægja með matar og kaffiaðstöðu. Ánægja með hljóðvist lækkaði um nokkur stig, auk þess sem færri töldu að næsti yfirmaður virði starfsfólk mikils og þeim sem töldu sig hafa yfirsýn yfir alla verkþætti starfsins fækkaði. Átak var gert í að bæta upplýsingamiðlun og vinnuaðstöðu.

Innleiðing Grænna skrefa í ríkisrekstri

Þátttaka í *Grænum skrefum í ríkisrekstri* hófst síðla árs 2017. Settur var saman starfshópur með starfsfólki af öllum sviðum safnsins. Lokið var við skref 1 í febrúar 2019 og fékk safnið viðurkenningarskjal undirritað af umhverfisráðherra. Vinna við skref 2 hófst á árinu.

Efling skjalastjórnar

Unnið var að að breytingum á útliti skjala, skýrslna og ýmis konar prentefnis til samræmis við hönnunarstaðal frá Íslensku auglýsingastofunni. Stofnuð voru 164 mál í GoPro skjalavistunarkerfinu á árinu. Einnig var unnið að frágangi eldri skjala í geymslu og skráningu í File Maker gagnagrunna. Þá var hafist handa við endurskoðun skjalalyklis. Í skrá um nefndir og samstarfsaðila á vef safnsins voru 55 aðilar um áramót. Þá hélt skjalastjóri kynningu á vinnsluskrá safnsins sem unnin er í samræmi við nýju Persónuverndarlögin.

Í ársskýrslunni er fjallað um helstu verkefni sem unnið var að, auk þess sem birtar eru lykiltölur um starfsemi og helstu niðurstöðutölur rekstrarreiknings.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

Stjórnýsla

Stjórn

Ný stjórn var skipuð í byrjun árs og er skipunartími hennar frá 1. febrúar 2019 til 31. janúar 2023. Fyrri stjórn eru þökkðu góð störf í þágu safnsins. Í nýrri stjórn sitja: Fanný Gunnarsdóttir formaður, skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra, Guðmundur Hálfánarson varaformaður og Elín Soffía Ólafsdóttir, tilnefnd af háskólaráði Háskóla Íslands, Magnús Már Halldórsson tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, Guðmundur Jónsson tilnefndur af vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, Ingibjörg Rögnvaldsdóttir, tilnefnd af Upplýsingu og Rósa Bjarnadóttir tilnefnd af starfsfólki safnsins. Í varastjórn sitja Agnar Bragi Bragason, Ágústa Pálsdóttir, Guðmundur Freyr Úlfarsson, Þórný Hlynisdóttir, Karl Andersen, Óskar Þór Þráinsson og Erlendur Már Antonsson. Rósa Bjarnadóttir lét af störfum hjá safninu á árinu og sat einungis einn fund, en Erlendur Már Antonsson sat hina fundina fyrir hönd starfsfólks. Stjórnarfundir sátu einnig landsbókavörður og fjármálastjóri safnsins. Haldnir voru sex stjórnarfundir. Fundargerðir eru birtar á *Inngangi* og sendar mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráð hittist að jafnaði vikulega, en þar er miðlað upplýsingum, verkefni samhæfð og fjallað um rekstur safnsins. Í framkvæmdaráðu sátu landsbókavörður og sviðsstjórar, Edda G. Björgvinsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Ragna Steinarsdóttir og Örn Hrafnkels-son, auk Guðrúnar Halldóru Sveinsdóttur mannauðs- stjóra. Ráðið fundaði 31 sinnum á árinu og eru fundargerðir birtar á Inngangi.

Lagaumhverfi

Engar beinar breytingar urðu á lagaumhverfi safnsins á árinu. Alþingi samþykkti þann 7. júní þingsályktunartillögu mennta- og menningarmálaráðherra um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi. Þar er m.a. fjallað um mikilvægi læsis, hlutverk skóla- og almenningsbókasafna, stafrænt námsefni, háskólakennslu og rannsóknir, bókaútgáfu, máltækni, aðgengi að orðasöfnum o.fl.

Stefnumótun

Varðandi stefnu ríkisaðila 2019-2021, sjá bls. 2-3. Stefnumótun innan safnsins hófst í lok árs og settur var saman sérstakur stefnumótunarhópur, en framkvæmdaráðið verður rýnihópur, auk þess sem stjórn safnsins mun hafa aðkomu að ferlinu. Gert er ráð fyrir að hópurinn hefji störf í byrjun árs 2020.

Í lok árs 2018 var settur á fót verkefnishópur um opin vísindi á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, í samræmi við aðgerð 10 í stefnu- og aðgerðaráætlun Vísinda- og tækniráðs og tillögum frá stjórnendum háskólabókasafna frá 2018. Hópurinn skilaði af sér tillögum undir heitinu *Opinn aðgangur að niðurstöðum rannsókna* í september 2019. Í hópnum sátu fulltrúar hagsmunaaðila, en landsbókavörður og Sigurgeir Finnsson af hálfu safnsins.

Skipurit

Skipurit sem tók gildi 1. janúar 2018 (sjá bls. 19) var fært í nýtt útlit skv. hönnunarstaðli safnsins, auk þess sem smávægilegar breytingar voru gerðar. Nýjar útgáfur skipurits á íslensku og ensku voru settar á vef.

Innra starf

Rekstraráætlun

Framlag til safnsins á fjárlögum 2019 og vegna rannsóknarleyfa og kjarasamninga var 1.073.100 (1.018.100) millj.kr. Það er hækkun frá fyrra ári, sem skýrist aðallega af launa- og verðlagshækkunum. Við þetta bætist framlag HÍ vegna ritakaupa, innheimta vegna Landsaðgangs, framlag vegna Tónlistarsafns og Leikminjasafns, þannig að framlög og heildartekjur safnsins voru 1.346.839 (1.284.812) millj. kr. Vegna hagstæðs gengis voru útgjöld vegna erlendra aðfanga tiltölulega lág, en innlend aðföng og þjónusta sem safnið kaupir hækkaði. Fasteignagjöld hækkuðu.

Verkefnaáætlanir

Að venju voru unnar verkefnaáætlanir fyrir hvert svið. 377 verkefni voru tengd stefnu og áhersluverkefnum safnsins. Fylgst er með framvindu verkefna ársfjórðungslega og í árslok er árangur metinn, hvað hefur áunnist, hvað hefur ekki tekist. Lokið var við tæplega 60% verkefna, en 20% eru enn í vinnslu, en á áætlun í árslok. Hætt var við tæp 3% verkefna eða þeim var breytt, en önnur verkefni voru ekki á áætlun eða í bið.

Fræðsluáætlanir

Gerðar voru fræðsluáætlanir fyrir veturinn 2018-2019 og svo 2019-2020 og skiptust þær í eftirfarandi þemu:

Náms- og rannsóknaleyfi:

Ólafur J. Engilbertsson sagði frá rannsóknarleyfi sínu í mars, stafvæðingu og miðlun efnis í söfnum í Barcelona og París, aðallega bókverkum og leikminjum.

Sjálfsæfing og starfsandi:

Sviðsstjórar og fagstjórar sóttu námskeið í *Lean Management* 3. okt. en aðferðafræðin gengur út á stöðuga umbótamenningu og að hámarka virði og lágmarka sóun. Þann 8. okt. var námskeiðið *Árangurrið framsögn og tjáning* haldið fyrir það starfsfólk sem heldur fræðsluerindi og kynningar. Leiðbeinandi var Þórey Sigþórsdóttir leikari og raddþjálfari.

Heilsuvernd og forvarnir:

Þann 7. febrúar var Guðrún Reynisdóttir jógakennari og upplýsingafræðingur með erindið *Áhrif kyrrsetu og streitu á líkama og sál* og kenndi gagnlegar teygjur. Starfsfólk í framlínu fór á skyndihjálparnámskeið 12. mars. Og þann 6. nóvember var Sigríður Þormar sálfræðingur með erindið *Kulnun, álag og jafnvægi vinnu og einkalífs*. Hún fjallaði m.a. um einföld skref til að hlaða batteríin, s.s. göngutúra, hugleiðslu, líkamsrækt og bætt samskipti.

Tækni og tækifæri

Líkt og á síðasta ári voru haldin nokkur örnámskeið um tækni og tækifæri, sem starfsfólk sá um, n.k. jafningjafræðsla og má þar nefna umfjöllun um Word og Outlook á vorönn, og á haustönn um Áttavitann og EndNote, rafrænar bækur, meðferð og skráningu mála í GoPro, Excel, vistun og frágang vinnugagna og um samskiptatólið Vinnuna (Workplace).

Stjórnýsla

Þann 2. okt. var Vigdís Þormóðsdóttir skjalastjóri með kynningu á vinnsluskrá safnsins og þá vöktun sem fram fer í safninu í samræmi við Persónuverndarlög.

Námsleyfi

Skv. kjarasamningum BHM frá 2011, hefur starfsfólk sem unnið hefur í fjögur ár hjá sömu stofnun rétt á leyfi til endurmenntunar eða framhaldsnáms, enda sé það í samræmi við endurmenntunar- eða starfsþróunar-áætlun stofnunar eða starfsmanns. Safnið mótaði reglur um námsleyfi til að framfylgja þessu ákvæði. Bragi Þ. Ólafsson fékk fjögurra mánaða námsleyfi á vorönn til að vinna að doktorsritgerð sinni í sagnfræði.

Rannsóknarleyfi

Félagsmenn í Félagi háskólakennara geta sótt um rannsóknaleyfi með nokkurra ára millibili.

Jökull Sævarsson fékk 30 daga leyfi árið 2018, sem hann nýtti 2019 til að leita ítarlegra upplýsinga um íslensk rit prentuð fyrir 1844, sem varðveitt eru í Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn og á öðrum söfnum í borginni. Einnig að afla nánari upplýsinga um íslenskar bækur og smáprent sem ekki er til á Íslandi.

Ragna Steinarsdóttir fékk 30 daga leyfi til að kynna sér skráningarstaðalinn Bibframe, sem byggir á samtengdum gögnum (Linked Data) og einnig til að skoða hvernig RDA skráningarreglurnar og Bibframe sniðið vinna saman.

Guðmundur Ingi Guðmundsson fékk 30 daga leyfi til að kynna sér notendafræðslu fyrir laganema og hvaða nýjungar hafi verið teknar upp í háskólabókasöfnum erlendis við notendafræðslu og miðlun.

Helstu ráðstefnur, málþing og fundir

Sýningin Bókverk í Safnahúsinu

Myndlistarmaðurinn Unnar Örn fræddi gesti um efni sýningarinnar *Bókverk í Safnahúsinu* í febrúar en hann vann sýninguna í samvinnu við starfsfólk safnsins. Hún var sett upp á síðasta ári í tengslum við 200 ára afmæli

safnsins. Í safninu er nú aukin áhersla á sérstöðu bókverka í safnkostinum og á sýningunni eru dregin fram áhugaverð dæmi úr safneigninni um skapandi prentverk, bókbönd og tilraunir með form bókarinnar.

Leikminjasafn í Þjóðminjasafn og Þjóðarbókhöfðu

Í byrjun árs var undirritað samkomulag um að Þjóðminjasafn Íslands og Lbs-Hbs taki við eignum og safnkosti Leikminjasafns Íslands. Þann 8. mars var áfanganum fagnað með samkomu í fyrirlestrasal. Farið var yfir sögu Leikminjasafns og hvernig vinnu við safnkostinn er háttað í dag og hvernig fólk sér fyrir sér næstu skref. Erindi fluttu landsbókavörður, Margrét Hallgrímsdóttir og Lilja Árnadóttir frá Þjóðminjasafni, Ólafur J. Engilbertsson, Marín Árnadóttir, Halldóra Kristinsdóttir og Kolbrún Halldórsdóttir formaður stjórnar Leikminjasafnsins. Dagskráin var tekin upp og er aðgengileg á YouTube rás safnsins (sjá bls. 13, 37).

Kynning á Turnitin

Allir framhaldsskólar og háskólar hafa nú aðgang að ritstuldarvörninni Turnitin og margir tekið kerfið í notkun. Í apríl voru Jason Gibson og Maarten Mortier frá Turnitin með fræðsludagskrá í fyrirlestrasal fyrir kennara og buðu upp á vinnustofu fyrir umsjónarmenn í einstökum skólum. Markmiðið var kynna fjölbreytta möguleika Turnitin og hvernig hugbúnaðurinn nýtist best. Einnig var kynning á tengingum kennslukerfa við Turnitin. Um 50 manns sóttu dagskrána auk tíu í gegnum Zoom-fjarfundabúnað. Hilma Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Jóhannesdóttir sáu um dagskrána.

IIPC vinnufundur / Hackathon

Í byrjun apríl hósti Lbs-Hbs vinnufund á vegum International Internet Preservation Consortium (IIPC). Á fundinum voru 10 manns, víðsvegar að úr heiminum, til að vinna að tölum til að auðvelda og auka sjálfvirkni í gæðaeftirliti við söfnun vefefnis. Kristinn Sigurðsson sat fundinn af hálfu safnsins. Auk þeirra sem komu til landsins, tóku 6-9 manns þátt í gegnum fjarfundabúnað. Á fundum sem þessum (hackathons), er unnið að mismunandi nálgunum á viðfangsefni fundarins, að þessu sinni var það greining á loggskrá og notkun vélanáms til að meta gæði skjáskota af söfnuðu efni. Hægt er að skoða afraksturinn á GitHub síðu IIPC: <https://github.com/iipc/qa2019>.

Fyrirlestur um opinn aðgang

Þann 13. maí hélt Nina Karlström frá Noregi erindið *Breytingar á birtingum fræðilegra skrifa: þróun á Norðurlöndum* í fyrirlestrasal. Erindið var flutt á vegum NOS-HS, sem er samstarfsvettvangur í hug- og félagsvísindum á vegum fjármögnunaraðila rannsókna á Norðurlöndum. Nina starfar hjá UNIT sem sér um

fjölpætta þjónustu við norska háskóla. Hún fer fyrir samninganefnd Noregs um opinn aðgang, sem nýlega gerði svokallaðan Publish & Read samning (PAR) við útgáfufyrirtækið Elsevier.

Fræðslufundur skrásetjara Gegnis

Fræðslufundur skrásetjara var haldinn 10. maí í fyrirlestrasal. Sigrún Hauksdóttir ræddi um bókfræðigögn í nýju bókasafnskerfi, Rósa Björg Jónsdóttir sagði frá vantasafni í Gegni, Hallfríður Kristjánsdóttir flutti hraðfréttir af skráningu og Kristín Lilja Thorlacius sagði frá endurskoðun efnisorða fyrir barna- og unglingabækur. Helga Kristín Gunnarsdóttir stýrði fundi og 52 skrásetjarar mættu.

Maístjarnan

Ljóðaverðlaunin Maístjarnan sem Lbs-Hbs stendur að ásamt Rithöfundasambandi Íslands, voru afhent í þriðja sinn við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhöfðunni þann 20. maí. Verðlaunin hlaut Eva Rún Snorradóttir fyrir ljóðabókina *Fræ sem frjóvga myrkrið*. Um 100 útgáfur ljóðabóka frá 2018 bárust safninu og er það aukning frá í fyrra. Ljóðaútgáfa er því í blóma í landinu. Viðtal við Evu Rún birtist í [Morgunblaðinu 21. maí 2019](#).

NING fundur á Íslandi

NING-hópurinn (Nordic Information Network Gender) hittist í Lbs-Hbs á árlegum fundi sínum 21. maí. Norðurlöndin skiptast á að halda fundinn og skipulögðu Kvennasögusafn Íslands og Jafnréttisstofa fundinn í ár. Fundurinn var á Íslandi 2011, einnig í safninu.

Notendaráðstefna Aleflis

Alefli sem er notendafélag Gegnis hélt notendaráðstefnu í fyrirlestrasalnum þann 23. maí. Starfsfólk Landskerfis bókasafna sagði frá vinnu við innleiðingu nýs kerfis og fulltrúar frá Innovative Interfaces kynntu fyrirtækið, þjónustuna og kerfið.

NordLic fundur

Dagana 6. og 7. júní var haldinn árlegur fundur NordLic í Þjóðarbókhöfðu. Fundurinn er samstarfsvettvangur norræna samlaga sem sjá um áskriftir að rafrænu vísindaefni og færast á milli Norðurlandanna. Meðal efnis á fundinum voru atriði sem lúta að opnum aðgangi, en eins og kunnugt er standa Norðurlandaþjóðirnar mjög framfarlega í umbreytingum frá áskriftarleiðum (subscription licenses), í útgáfu- og lestrarsamninga (Publish & Read Licences (PAR)).

Jón Árnason – 200 ár – Dagskrá á Skagaströnd

Dagana 17.-18. ágúst var haldið upp á að 200 ár eru síðan Jón Árnason landsbókavörður og þjóðsagnasafnari fæddist á Hofi í Skagabyggð. Forseti Íslands,

Guðni Th. Jóhannesson, opnaði málþing í Fellsborg á Skagaströnd en um 90 manns sátu þingið. Sjá bls. 14.

Málþing og sýning um Jón Árnason í Þjóðarbókhöðu

Þann 7. sept. var einnig haldið málþing og opnuð sýning um Jón Árnason í Þjóðarbókhöðu, auk þess sem Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningar- málaráðherra afhjúpaði lágmynd af honum í anddyri hússins, sjá nánar á bls. 14.

Námskeið um uppbyggingu ritgerða

Ritver Hugvísindasviðs stóð fyrir námskeiði um uppbyggingu ritgerða þann 26. sept. í fyrirlestrasal. Námskeiðið fjallaði um grundvallaratriði í byggingu og skipulagi ritgerða og skoðuð þrískipting þeirra, flæði textans, kaflaskipting, efnisafmörkun, snið og stíll.

Kynning á rafbókum frá Oxford University Press

Þann 10. okt. kynntu starfsmenn Oxford University Press aðgang að rafbókum sem Hugvísindasvið HÍ hefur keypt aðgang að. Fundinn sótti starfsfólk frá aðföngum, skráningu og upplýsingaþjónustu, ásamt forseta og rannsóknarstjóra hugvísindasviðs.

Morgunkorn Upplýsingar – Bókasafn Samtakanna 78

Morgunkorn Upplýsingar var haldið 24. okt. í fyrirlestrasal. Sigurður Örn Guðbjörnsson og Úlfhildur Dagsdóttir sögðu frá bókasafni Samtakanna 78. Það var stofnað 1987, en því var skipt á milli Lbs-Hbs og Borgarbókasafns árið 2014 að tilhlutan námsbrautar í kynjafræði við HÍ, til að bókakosturinn væri sem aðgengilegastur almenningi. Morgunkorninu var að venju streymt beint á [YouTube](#) rás Upplýsingar.

Fundur norrænna lögfræðinga í Þjóðbókasöfnum

Undanfarin ár hafa lögfræðingar og sérfræðingar í höfundarétti sem starfa í norrænu þjóðbókasöfnumum hist nokkuð reglulega. Tilgangurinn er að upplýsa um stöðu mála í hverju landi og ræða þróun löggjafar varðandi höfundarétt og bókasöfn innan EU og EES. Fundurinn var haldin í safninu 30. sept. og sátu hann Guðrún Tryggvadóttir og landsbókavörður.

Opinn aðgangur að rannsóknaniðurstöðum

Vísindafélag Íslendinga var með málþing um opinn aðgang 15. nóv. í Þjóðminjasafni. Sigurgeir Finnsson verkefnastjóri opins aðgangs í Lbs-Hbs, ásamt Söru Stef Hildardóttur forstöðukonu Bókasafns HR og Sigurbjörgu Jóhannesdóttir verkefnastjóra hjá HÍ voru frummælendur. Í tengslum við málþingið var rætt við Sigurgeir um málið í *Fréttablaðinu* 15. nóv. og Sara og Eyjólfur Ingi Ásgeirsson frá HR sögðu frá opnum aðgangi í Mannlega þættinum á RÚV þann 14. nóv.

Bókfræðimælingar og rannsóknastefnur

Ráðstefnan *24th Nordic Workshop on Bibliometrics and Research Policy* var haldin í Reykjavík 27.-29. nóv. Að henni stóðu HÍ, Lbs-Hbs og Rannís og var Sigurgeir Finnsson fulltrúi safnsins í undirbúningsnefnd. Nokkrir starfsmenn tóku þátt í hinum ýmsu vinnustofum og einnig tóku þátt fulltrúar annarra háskólabókasafna og frá HÍ. Þann 27. nóv. var skráning og móttaka í Þjóðarbókhöðunni en dagskráin var í Veröld.

25 ára afmæli Þjóðarbókhöðunnar

Í tilefni af opnun Þjóðarbókhöðunnar 1. des. 1994, var haldin hefðbundin dagskrá í fyrirlestrasalnum Lóni 2. des. Landsbókavörður hélt stutt ávarp og sú nýbreytni var tekin upp að veita viðurkenningar fyrir fyrir 25 ára starfsaldur í Þjóðarbókhöðunni. Það voru níu starfsmenn sem fengu rós og ljóðabókina *Fræ sem frjóvga myrkrið* eftir Evu Rún Snorradóttur, en bókin vann til ljóðaverðlaunanna Maístjarnar í ár. Þau sem fengu viðurkenningu voru Hallfríður Baldursdóttir, Arnþrúður Sigurðardóttir, Sigrún Jóna Marelsdóttir, Helga Kristín Gunnarsdóttir, Örn Hrafnkelsson, Arnaldur Sigurðsson, Ólafur Guðnason, Bryndís Ingvarsdóttir og Rósfríður Sigvaldadóttir. Þeim var öllum þakkað fyrir góð störf og samveru á umliðnum árum. Þá voru flutt stutt erindi: Sigurður Örn Guðbjörnsson sagði frá stórfelldum innkaupum á rafbókum í samstarfi við HÍ, landsbókavörður sagði frá innleiðingu nýs rannsóknasafns PURE, Kristinn Sigurðsson kynnti nýja útgáfu af *timarit.is* sem er í burðarliðnum og Örn Hrafnkelsson sagði frá dagskrá ársins um Jón Árnason og afhjúpun minnismerkja um hann. Þá voru sýndar ljósmyndir sem teknar voru við opnun Þjóðarbókhöðunnar. Að lokum hittust allir í kaffi og köku í mötuneyti.

Kaffi, kleinur og kvennasaga

Kvennasögusafn hélt jólamorgunfund í fyrirlestrasalnum Lóni 5. des. Arnheiður Steinþórsdóttir, MA-nemi í sagnfræði, kynnti BA-ritgerð sína, *Þegar konur lögðu undir sig útvarpið*. Ritgerðin fjallar um útvarpsþætti Kvenréttindafélags Íslands og Kvenfélagasambands Íslands í Ríkisútvarpinu 1945-1954. Nokkur þeirra útvarpserinda sem flutt voru eru varðveitt í Kvennasögusafni. Þá kynntu Anna Dröfn Ágústsdóttir, fagstjóri fræða við Hönnunar- og arkitektúrdeild LHÍ, og Lóa Auðunsdóttir, lektor í grafískri hönnun, rannsóknarverkefnið *Ásýnd íslenskrar kvennabaráttu*. Í fyrsta hluta rannsóknarinnar, sem unninn var á Kvennasögusafni s.l. sumar, var sjónum beint að baráttumyndmáli Rauðsokkanna, en Margrét Aðalheiður Þorgeirsdóttir, útskriftarnemandi frá grafískri hönnun, vann að því verkefni með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Útgáfa

Stefnt er að því að útgáfa safnsins sé sem mest stafræn, en nokkrir leiðbeiningabæklingar þjónustusviðs eru endurskoðaðir reglulega og fjölritaðir. Ársskýrslur frá 1994 og sýningarskrár frá 2007 eru á vef safnsins. Auk þessa eru *Árbók Landsbókasafns 1945-1994* og *Ritmennt 1996-2005* á *timarit.is*.

Í tilefni af afmælisári 2018 var Íslenska auglýsingastofan fengin til að hanna nýtt merki fyrir safnið og hönnunarstaðal m.a. fyrir nýtt útlit á bréfsefni, fána, vefi, útgáfur og annað sem birt er á vegum safnsins. Ímark, í samráði við Samband íslenskra auglýsingastofa, tilnefndi nýja merkið til íslensku auglýsingaverðlaunanna *Lúðursins 2018*, í floknum Mörkun – ásýnd vörumerkis, en það hlaut ekki verðlaun. Smám saman er verið að innleiða nýja útlitið. Vinna við bók um kjörgripi í safninu hélt áfram frá fyrra ári.

Bæklingar þjónustusviðs

Bæklingar þjónustusviðs voru færðir í nýtt útlit á árinu og var þeim fækkað talsvert. Þeir bæklingar sem eru ætlaðir almennum notendum verða áfram á pappír, en bæklingar um einstakar fræðigreinar verða færðir í Áttavitann.

Sýningarskrár

Veglegar sýningarskrár voru gefnar út vegna sýningarinnar *Að vera kjur eða fara burt?* sem var sett upp í tilefni aldarafmælis *Barns Náttúrunnar*, fyrstu skáldsögu Halldórs Laxness, og vegna sýningarinnar *Jón Árnason – 200 ára*.

Einfaldir bæklingar voru gefnir út í tengslum við aðrar sýningar. Um hönnun sá Ólafur J. Engilbertsson.

Frímerki

Íslandsþóstur gaf út á árinu frímerkið Jón Árnason þjóðsagnasafnari – 200 ára minning. Ennfremur má nefna nýtt frímerki um Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga 100 ára, en báðum þessum viðburðum voru gerð skil í sýningum og dagskrám í safninu.

Vefir og samfélagsmiðlar

Vefir og vefþjónustur

Á afmælisári 2018 var hannað nýtt útlit fyrir vefi safnsins og fyrstu vefirnir með nýja útlitinu opnaðir, en það voru *bækur.is* og *hljodsafn.is*. Vefirnir eru í samræmi við hönnunarstaðal safnsins, auk þess sem aðgengi að efni þeirra í sínum, snjalltækjum og lesbrettum var stórbætt. Á þessu ári fengu eftirtaldir vefir og vefþjónustur nýtt útlit: *rafhladan.is*, *skil.landsbokasafn.is*, *bokaskra.is*, *landsbokasafn.is*, *hvar.is*, *landsbokasafn.hask.is*, *vefsafn.is*, *timarit.is*, *sagas*.

landsbokasafn.is, og *doktoraskra.is*. Auk þess var vefurinn *alefli.is*, sem safnið hýsir uppfærður, en útliti ekki breytt.

Vefmælingar

Fylgst var með notkun á 28 vefjum á vegum safnsins á árinu. Notkunin var mæld með Google Analytics. Samanlagður fjöldi heimsóknna jókst um 27%. Munar þar mestu að samræmdar aðferðir voru notaðar við talningu á *Skemman.is*, en umferðin þar hafði verið vantalin. Heimsóknir voru rúmlega 4.9 millj. og síðuflettingar jukust einnig verulega og voru rúmlega 14 millj. á árinu

Að meðaltali voru vefir safnsins heimsóttir um 13.500 sinnum á dag og um 38.800 síður sóttar daglega af notendum árið 2019. Um fjórðungur heimsóknna eru í gengum snjalltæki, en misjafnt eftir vefjum. *timarit.is* og *skemman.is* eru langvinsælustu vefir safnsins. Þá kemur *ismus.is*, aðalvefurinn og *handrit.is*. Sjá nánar um heimsóknir og síðuflettingar í töflu 2.13.

Samfélagsmiðlar

Starfsfólk safnsins notar samfélagsmiðla til að koma á framfæri fréttum, viðburðum og lykilverkefnum, en einnig til að efla tengsl við notendur og samstarfsaðila. Búnir eru til viðburðir á Fésbók safnsins í tengslum við sýningar og opnanir. Átta síður eru á Fésbók, þrjár reikningar á Twitter, tvær rásir á You Tube og Tónlistarsafnið er einnig með talsvert efni á Vimeo. Sjá nánar í töflu 2.15.

Vinnan

Í lok árs 2018 voru gerðar tilraunir með notkun á samskiptamiðlinum Workplace eða *Vinnunni* fyrir starfsfólk safnsins. Vinnan er byggð upp á svipaðan hátt og Fésbókin og var notuð til að halda utan um samskipti starfsfólks, einstakra hópa og vegna viðburða og verkefna. Hópar reka einnig Fésbókarsíður s.s. *Starfsmenn. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn* (75) og *Hlöðver – starfsmannafélag Þjóðarbókhlöðu* (47). Kristinn Sigurðsson heldur úti bloggsíðu, þar sem viðruð eru ýmis vandamál og lausnir um vefsöfnun. Slóðin er <http://kris-sigur.blogspot.com/>.

Í vikulokin

Landsbókavörður sendir reglulega út pistla undir heitinu *Í vikulokin*. Pistlarnir eru sendir til starfsfólks, stjórnar safnsins og starfsfólks bókasafns Menntavísindasviðs HÍ. Tilgangurinn er að draga saman það helsta sem gerst hefur undanfarna viku og veita upplýsingar um þau verkefni sem verið er að vinna að í safninu og samskipti við aðila utan safns. Alls voru sendir út 36 vikulokapistlar á árinu og er þeim jafnframt safnað á *Inngang*.

Samgöngusamningar

Samgöngusamningar hafa verið gerðir síðan 2014, en þá var gerð samgöngustefna fyrir safnið. Markmiðið er að stuðla að því að starfsfólk noti vistvænan, hagkvæman og heilsusamlegan ferðamáta. Framlag safnsins vegna samgöngusamninga nam 25.000 kr. til starfsmanns frá og með 1. jan. 2019.

Húsnæði og rými

Í tengslum við Græn skref voru teknar í notkun nýjar flokkunartunnur frá Blikkás-Funa á opnum svæðum safnsins. Nýr skurðarhnífur af gerðinni Polar var keyptur fyrir bókbandið. Á 2. h. var komið fyrir deiliskrifborði sem hægt er að hækka og lækka. Ný fundarstofa fyrir smærri fundi var tekin í notkun á 2.h. og talsverðar lagfæringar voru gerðar á tækjabúnaði í fyrirlestrasal, auk þess sem nýjar hillur voru settar upp í hljóð- og myndsafni. Efnt var til nafnasamkeppni á fundarherbergin og nokkrar tillögur bárust. Kosið var um þær og var tillaga Bryndísar Vilbergsdóttur hlutskörpust:

Lón: Fyrirlestrasalur
Örk: Fundarherbergi á 2. hæð
Vík: Fundarstofa á 2. hæð
Iða: Fundarherbergi á 1. hæð
Sel: Kennslustofa á 3. hæð

Öryggismál og tölvukerfi

Safnið notar netöryggissíuna Forcepoint til að koma í veg fyrir óæskilega umferð eða innbrot í kerfi safnsins, auk eftirlitskerfisins Spiceworks, sem fylgist með ástandi tölvukerfisins. Þá er notaður eldveggurinn Firewall Analyzer frá Cisco, til að fylgjast með umferðinni, Trend Micro vírusvörn o.fl. Þess er gætt að uppfæra þessi töl reglulega í nýjstu útgáfu. Sífelld stærrí hluti af tölvurekstrinum er í sýndarumhverfi og fylgjast þarf vel með því til að gæta fyllsta öryggis. Öryggismyndavélar eru 39 og gögnin úr þeim eru varðveitt í ákveðinn tíma í sérstakri aðgangsstýrðri gagnageymslu. Gerður var þjónustusamningur í október við fyrirtækið Endor um hýsingu gagna (EC Storage lausn) og leigu á hýsingarplássi í vélasal. Fyrirtækið Origo kærði samninginn til Kæruneftndar úboðsmála í nóvember og í desember sendi safnið andsvör til nefndarinnar, en málinu lauk ekki á árinu.

Notendatölvur

Upplýsingatæknisvið HÍ (UTS) hefur umsjón með notendatölvum og prenturum á 3. og 4.h. Aðeins notendur HÍ geta því skráð sig á vélarnar. Ef upp koma vandamál með vélar og/eða prentun, sér UTS um þjónustu líkt og í öðrum tölvuverum háskólans. Á 4.h., við hlið tón- og myndsafns er sérstök tölvuaðstaða fyrir

nema úr öðrum skólum en HÍ og aðra gesti. Í þeim vélum er aðgengi að helstu forritum til ritvinnslu, en án internettenginga. Netið er aðgengilegt í tölvum á 2.h. og einnig geta allir tengst Netinu í gegnum WiFi.

Öryggisnefnd

Rannver H. Hannesson og Sigríður Bjarnadóttir eru fulltrúar starfsfólks í öryggisnefnd sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Af hálfu safnsins sitja Edda G. Björgvinsdóttir og Ólafur Guðnason í nefndinni. Í framhaldi af heimsókn Vinnueftirlits árið 2018 var unnið að áætlun um samskiptareglur eða leiðarljós í samskiptum, forvarnaáætlun um félagslegan aðbúnað á vinnustað, endurnýjaðir voru stólar í þjónustuborðum og gerðar mælingar á innlofti, en þær voru allar innan marka. Áætlun um öryggi og heilbrigði var send á Vinnueftirlitið og engar frekari athugasemdir hafa komið.

Starfsmannafundir

Tveir almennir starfsmannafundir voru haldnir á árinu. Þann 29. mars var ný stjórn safnsins kynnt, rætt um kosningu nýrra fulltrúa starfsfólks í stjórnina, sagt frá undirbúningi fyrir nýja stefnumótun og samkeppni um nöfn á fundarherbergjum. Einnig var kynnt vinna við jafnlaunavottunina sem unnið hefur verið að undanfarin ár.

Seinni fundurinn var haldinn 31. okt. og þar var fjallað um undirbúning fyrir nýja stefnumótun, umbætur varðandi upplýsingamiðlun og vinnuaðstaður út frá niðurstöðum í Stofnun ársins. Bryndís Vilbergsdóttur var veitt viðurkenning fyrir ný nöfn á fundarherbergin, kynnt var jólahlaðborð starfsfólks 23. nóv. í tilefni af 25 ára afmæli Þjóðarbókhöðunnar, rætt um 1. des. í ár, nýja kjarasamninga og kosningu trúnaðarmanna starfsfólks vegna mótuneytis.

Mötuneyti

Cesar veitingar undir stjórn Ægis Finnbogasonar sáu um rekstur mötuneytis fyrir starfsmenn og kaffistofu á 2.h. og sáu einnig um veitingar á fundum og móttökum á vegum safnsins.

Starfsmannafélagið Hlöðver

Í stjórn Hlövers sátu:

Arnar Óðinn Arnþórsson, Guðrún Sigurlaug Sigurðardóttir, Gunnar Marel Hinriksson, Oddfríður Steinunn Helgadóttir og Sóley Eiríksdóttir. Varamenn voru Bryndís Vilbergsdóttir og Sólveig Lind Ásgeirsdóttir.

Félagði stóð fyrir ýmsum uppákomum á árinu, m.a. nýársfagnaði, staffakaffi, bíóferðum, gönguferðum, lautarferðum, jólaskreytingum og jólagetraun um bókatitla, auk upplestrar úr jólabókum.

Samskipti við Háskóla Íslands

Samstarfssamningur og samstarfsnefnd

Samstarfssamningur Háskóla Íslands og safnsins er frá 2015. Í nefndinni voru af hálfu HÍ, Halldór Jónsson sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs, Róbert Haraldsson sviðsstjóri kennslusviðs, sem er nýr fulltrúi, og Jenný Bára Jensdóttir fjármálastjóri. Frá safninu voru Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Guðrún Tryggvadóttir sviðsstjóri Þjónustusviðs. Nefndin hittist 3. jan. og 14. júní og fjallaði m.a. um endurskoðun samnings um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og HÍ, 60 þúsund nýjar rafbækur sem Hugvísindasvið keypti á árinu, Det Nordiska Universitets Administratörs Samarbetet (NUAS), innleiðingu CRIS kerfisins og mótun stefnu um opinn aðgang og opin gögn á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Háskólaþing

Háskólaþing kom tvisvar saman. Þann 3. maí var fjallað um skipulags og samgöngumál á háskóla-svæðinu og mögulega framtíðarskipan. Þann 31. okt. var farið yfir endurskoðun siðareglna og starfsreglna siðanefndar HÍ, endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna, auk sjálfsmatsskýrslu HÍ. Bókasöfn skólans skiluðu sameiginlegum kafla í skýrsluna.

Ritver og verkefnavaka

Í júní var samþykkt fylgiskjal nr. 7 við samstarfssamning HÍ og safnsins, um samstarf við ritver HÍ, en þau eru m.a. með aðstöðu í safninu. Verkefnavaka HÍ var haldin í Þjóðarbókhöðunni 21. mars og stóð frá kl. 19:00 – 23:00. Boðið var upp á hagnýt ráð um skipulagningu verkefnavinnu, kynningu á EndNote, App vinnustofu, sniðmát, gagnasöfn, fræðileg skrif og APA heimildaskráningu. Nýjungar sem boðið var upp á voru jóga, veitingar og streymi, en hægt var að skoða streymi frá dagskránni í gegnum Áttavitann. Að verkefnavökunni stóðu bókasöfn HÍ, ritver HÍ og náms- og starfsráðgjöf HÍ.

Vinnustofa um bókfræði og rannsóknastefnur

Í lok árs 2018 barst beiðni frá Rannís til HÍ og Lbs-Hbs um þátttöku í norrænni vinnustofu um bókfræðimælingar og rannsóknastefnur haustið 2019. Báðir aðilar samþykktu þátttöku. Dagskráin var unnin af norrænum hópi, en gestgjafar sáu um skráningu, hús-

húsnæði, skipulag veitinga og samveru utan dagskrár. Af hálfu safnsins sat Sigurgeir Finnsson í undirbúningshóp. Ráðstefnan *24th Nordic Workshop on Bibliometrics and Research Policy* var svo haldin í Reykjavík dagana 27.-29. nóv. Nokkrir starfsmenn tóku þátt í hinum ýmsu vinnustofum og einnig tók þátt starfsfólk úr öðrum háskólabókasöfnum og frá HÍ. Þann 27. nóv. var skráning og móttaka í Þjóðar-bókhöðunni en dagskráin sjálf var í Veröld.

Turnitin ritfærniþing

Safnið hefur haft umsjón með samningum og rekstri Turnitin ritfærniþingisins frá 2017. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur tryggt miðlæga greiðslu fyrir aðgang allra háskóla og framhaldsskóla á landinu. Hilma Gunnarsdóttir er umsjónarmaður verkefnisins og sér um kynningar og tengsl við Turnitin, en Sigurbjörg Jóhannesdóttir hjá HÍ fer með kerfisumsjón og tækniástoð. Fimm af sjö háskólum notuðu kerfið á árinu og 38 framhaldsskólar. Notkun á Turnitin milli sviða HÍ er afar misjöfn, en þegar á heildina er litið jókst notkun á kerfinu á landsvísu.

Skemman

Allir háskólarnir taka þátt í rekstri Skemmunnar og í verkefnisstjórn sitja fulltrúar þeirra og Lbs-Hbs. Fulltrúar safnsins eru Guðrún Tryggvadóttir og Kristinn Sigurðsson. Áfram var unnið að skilum Skemmu til Þjóðskjalasafns, en verkið sóttist seint. Skemman styður nú staðla OpenAIRE Evrópuverkefnisins.

Opin vísindi

HÍ tók virkan þátt í undirbúningi fyrir kaup á s.k. Cris kerfi og á fulltrúa í stýrihópi um innleiðingu kerfisins, auk þess að koma að útboði og samningagerð.

Aurora samstarfsnetið

Háskóli Íslands er aðili að [Aurora samstarfsnetinu](#), sem níu evrópskir háskólar eiga aðild að. Þeir leggja áherslu á hágæða rannsóknir og samfélagslega ábyrgð. Samstarfsnetinu var komið á fót 2016 og Jón Atli Benediktsson rektor HÍ situr í stjórn þess. Dagana 14. og 15. janúar hittust yfirmenn bókasafna þessara háskóla í Vrije Universitet í Amsterdam og ræddu sameiginleg málefni og möguleg samstarfsverkefni. Landsbókavörður tók þátt í fundinum, og heimsótti einnig bókasafn skólans.

Innlent samstarf

Stjórnendur háskólabókasafna

Tveir fundir voru haldnir, en meðlimir hópsins hafa með sér margvíslegt samráð þess utan. Fyrri fundurinn var á Bifröst 15. febr. Sveinbjörg Sveinsdóttir og Sigrún Hauksdóttir kynntu þar Sierra bókasafnskerfið, innkaupaferlið, samninga og vinnu við kerfis-högun, sem þegar er hafin. Eftir kynninguna var fjallað um stefnumótun um opin vísindi á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis, útboð vegna CRIS kerfis, samstarf við rannsóknastjóra, Overleaf o.fl.

Síðari fundurinn var haldinn í Garðyrkjuskólanum í Hveragerði 22. okt. en skólinn er hluti af Landbúnaðarháskóla Íslands. Á fundinum var rætt um innleiðingu CRIS kerfisins, vinnufund um APC gjöld, gæði rannsóknaskýrslna, samstarf við rannsóknastjóra, efnisorð, nýtt bókasafnskerfi, rafbækur, Kanopy, NUAS o.fl.

Landskerfi bókasafna

Landskerfi bókasafna hf hefur starfað frá 2001 og er hlutafélagi í eigu ríkis og sveitarfélaga. Hluthafar eru um 60. Félagið rekur bókasafnskerfið Gegni, menningargagnasafnið Sarp, Rafbókasafnið og leitarvélina Leitir. Landsbókavörður fer með hlut ríkisins í stjórn. Árni Sigurjónsson formaður stjórnar gekk úr stjórn en, Viktor Jens Vigfússon tók við. Aðrir í stjórn eru Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Karl Guðmundsson og Pálína Magnúsdóttir. Framkvæmdastjóri er Sveinbjörg Sveinsdóttir, en aðrir starfsmenn voru tíu, en þeim fjölgaði vegna innleiðingar nýs bókasafnskerfis. Í árslok voru rúmlega 1.28 millj. titla skráðar í Gegni, en fjöldi eintaka um 5.89 milljónir og hefur fækkað frá síðasta ári. Útlán voru tæp 3.1 milljón og jukust um 3%, og skráðir lánþegar um 175 þús., sem er svipað og áður. Fjöldi færslna í Leitir voru um 2.8 milljónir í árslok og fækkar. Þær koma frá Gegni, Sarpi, Skemmu, *timarit.is* og ljósmyndasöfnum.

Vinna við nýtt bókasafnskerfi

Vinna hófst í byrjun árs við innleiðingu bókasafnskerfisins Sierra 4.0. Gert er ráð fyrir þremur aðskildum kerfum, fyrir almenningsbókasöfn, skólasöfn og svo háskóla-, sérfræði- og framhaldsskólasöfn. Yfir kerfunum var síðan n.k. regnhlíf sem heitir InReach, sem tengir þau saman. Þar ofan á verður Inspire leitarvél.

Stýrihópur vegna nýs bókasafnskerfis

Settur var á fót stýrihópur vegna innleiðingar nýja bókasafnskerfisins Sierra. Í honum sátu Ingibjörg Rögnvaldsdóttir af hálfu Aleflis, Pálína Magnúsdóttir,

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Sveinbjörg Sveinsdóttir og Brad Rogers frá Innovative. Hópurinn hittist fyrst 11. sept. og fór yfir ýmis mál varðandi dagsetningar, skipulagningu, áhættuþætti o.fl. Hópnun er ætlað að hittast reglulega og á fjarfundum.

Skráningarráð og efnisorðaráð

Fulltrúi í skráningarráði var Helga Kristín Gunnarsdóttir og Hallfríður Hrönn Kristjánsdóttir gæðastjóri Gegnis sat fundi. Aðrir í ráðinu voru Áslaug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir formaður og Þóra Sigurbjörnsdóttir, auk Sigrúnar Hauksdóttur frá Landskerfi. Í efnisorðaráði sátu Ragna Steinardóttir, formaður af hálfu safnsins, Guðný Ragnarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir. Lbs-Hbs sér um alla efnisorðavinnu í Gegni og heldur úti *Lykilskrá* þar sem eru um 12.000 efnisorð og 81.500 mannanöfn eða nafnmyndir, sem unnin hafa verið samkvæmt stöðlum.

HASK – Handbók skrásetjara Gegnis

Handbók skrásetjara Gegnis, sem starfsfólk Lbs-Hbs sér um, er uppfærð reglulega, og settar inn breytingar vegna innleiðingar RDA skráningarreglnanna. Í ritstjórn eru Berglind Hanna Jónsdóttir, Hallfríður Hrönn Kristjánsdóttir, Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir, Rósfríður Sigvaldadóttir og Svava Björnsdóttir.

Primo Central Index (PCI) og bX ábendingar

Meginhluti þess rafræna efnis sem Lbs-Hbs og fleiri aðilar kaupa aðgang að, er aðgengilegt í Gegni og Leitum í gegnum PCI. Þó standa enn nokkur gagnasöfn út af og m.a. var ekki aðgangur að efni EBSCO í gegnum PCI. Ábendingaþjónustan bX hjálpar notendum að finna skylt efni í PCI.

SFX krækjakerfið

SFX er tengla- eða krækjakerfi sem tengir saman bókfræðiupplýsingar og efni í rafrænum aðgangi, í gegnum Primo Central Index. Upplýsingar um áskriftir í Landsaðgangi eru í kerfinu, auk upplýsinga um séráskriftir háskólanna. Engar breytingar urðu 2019.

Tölfræði í Gegni og Leitum

Boðið er upp á mánaðarlega tölfræði, árslokátölfræði og topplánalista úr Gegni. Allar lánþegaskýrslur eru kyngreindar. Hægt er að sjá hvaða bækur eru vinsælastar eftir safnategundum og landshlutum. Þá er einnig hægt að fá tölfræði einstakra safna og er hún m.a. nýtt í ársskýrslu Lbs-Hbs.

VIAF (Virtual International Authority File)

Landskerfi og Lbs-Hbs taka þátt í VIAF samstarfinu á vegum OCLC. Í VIAF eru margskonar nafnmyndaskrár sameinaðar. Tilgangurinn er að auka gagnsemi þeirra og auðvelda skráningarvinnu. Færslurnar fá alþjóðlegt auðkenni (kennitölu og permalink) og nýtast sem tengd opin gögn (Linked open data) við leit.

Rafbókasafnið

Rafbókasafnið opnaði 2017 sem samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna og Borgarbókasafns. Um 60 almenningsbókasöfn hafa síðan gerst aðilar að verkefninu. Landskerfi sér um tæknilega þáttinn, en bókasöfnin velja og kaupa efnið. Í safninu eru bæði hljóðbækur og rafbækur og eru flestar á ensku. Erfiðlega hefur gengið að fá frumsamið og þýtt efni á íslensku til útláns í safninu. Útlán voru alls 23.600 á árinu.

Sarpur – menningarsögulegt gagnasafn

Þjónustusamningur Landskerfis og Rekstrarfélags Sarps var endurnýjaður á árinu. Landskerfi sér um daglegan rekstur félagsins og er starfsmaður Sarps hluti af teymi Landskerfis. Núverandi útgáfa Sarps 3.0 er smíðuð í samvinnu við Þekkingu h.f. Í Sarpi eru upplýsingar um listaverk, muni, myndir, fornleifar, hús, þjóðhætti, örnefnalýsingar o.fl. frá 55 söfnum og stofnunum. Í árslok voru skráð aðföng rúmlega 1.3 millj.

Aleflí

Aleflí er samstarfsvettvangur bókasafna sem eru aðilar að Gegni og njóta þjónustu Landskerfis, en þau eru rúmlega 300. Starfsemin byggist á skiptingu í safnategundir, sem velja í fulltrúaráð, sem síðan kys stjórn. Helga Kristín Gunnarsdóttir sat í ráðinu fyrir hönd safnsins og Anna María Sverrisdóttir til vara. Vefurinn Aleflí.is er hýstur hjá Lbs-Hbs.

Notendaráðstefna Aleflis

Notendaráðstefna Aleflis 2019 var haldin í fyrirlesttrasal Lbs-Hbs 23. maí. Starfsfólk Landskerfis bókasafna sagði frá vinnu við innleiðingu nýs kerfis og fulltrúar frá Innovative Interfaces kynntu fyrirtækið, þjónustuna og kerfið.

Samlag um áskrift að Vef-Dewey

Lbs-Hbs heldur utan um samlagsáskrift á landsvísu að vefútgáfu Dewey flokkunarkerfisins og úthlutar aðgangsorðum. Fimmtán söfn eru í samlaginu. Áskrift að Vef-Dewey stuðlar að samræmi í flokkun og stöðugu aðgengi að nýjustu uppfærslum kerfisins. Verkefnið er gæðamál og hefur jákvæð áhrif á samræmingu og þróun starfshátta bókasafna hér á landi. Lbs-Hbs er einnig aðili að Evrópusamtökum Dewey -notenda EDUG (European Dewey User Group).

Upplýsing

Starfsfólk safnsins gegnir að jafnaði einhverjum trúnaðarstörfum fyrir Upplýsingu. Árið 2019 tók Oddfríður Steinunn Helgadóttir við sem formaður og Jóhann Heiðar Árnason varð meðstjórnandi, en bæði starfa á Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni. Tímaritið *Bókasafnið* kom ekki út á árinu.

Bókasafnsdagurinn

Bókasafnsdagurinn var haldinn 9. sept. undir kjörorðinu: *Lestur er bestur – á þínu safni!* Dagurinn er helgaður starfsfólki bókasafna, en einnig notaður til að vekja athygli á bókasöfnum og mikilvægi þeirra. Dagskráin hófst með Morgunkorni í Menntaskólanum í Kópavogi þar sem Haukur Ingvarsson var með erindið *Þekking er nútíðarmönnum nauðsynleg*, um aðgang Íslendinga að heimsbókmenntunum í gegnum bókasöfn á síðustu öld. Þá voru afhent hvatningarverðlaun Upplýsingar í fyrsta sinn, og hlaut Bókasafn Reykjaneshæjar þau fyrir verkefnið *Saumað fyrir umhverfið*. Í Lbs-Hbs var boðið upp á bókahlaðborð, erindi landsbókavörðar um upphaf bókasafna á Íslandi, Ragnhildur Hólmgeirsdóttir las úr væntanlegri bók sinni *Villueyjar* og Þórdís Þúfa Björnsdóttir las úr nýrri bók, *Sólmundur*. Þá voru kynntar niðurstöður könnunar á fjölda bóka sem eiga nöfn starfsfólks í titli. Þar sigraði nafnið Jón, sem er 924 sinnum í titli á bók í Gegni. Síðdegis var boðið upp á köku og kaffi. Rut Ásdísardóttir og Sigurbjörg Long sátu í undirbúningsnefnd af hálfu Lbs-Hbs.

Námsbraut í Upplýsingafræði

Nám í bókasafns- og upplýsingafræði er nú eingöngu á meistarastigi og námsbrautin nefnist Upplýsingafræði. Hallfríður Kristjánsdóttir og Magný Rós Sigurðardóttir kenndu námskeiðin *Bókfræðilega skráningu* og *Lýsigögn*, og *Skipulagning þekkingar*, auk þess sem nokkrir starfsmenn komu inn í einstaka tíma. Starfsfólk sem kom að kennslu í öðrum námskeiðum eru m.a. Ragna Steinarsdóttir, Birgir Björnsson, Erlendur Már Antonsson og Ingibjörg Sverrisdóttir.

Heilbrigðisvísindabókasafn

Samstarf við Heilbrigðisvísindabókasafn Landspítala hefur aukist á undanförunum árum. Landsbókavörður hefur setið í stjórn safnsins frá árinu 2014 sem fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Samstarf safnanna er m.a. um Landsaðgang og nýtt rannsóknagagnasafn.

Bókasafnaráð

Bókasafnaráði var komið á fót með Bókasafnalögum nr. 150/2012. Skipað var í nýtt bókasafnaráð í júlí 2019 til fjögurra ára, en ráðið skal vinna að stefnumörkun, setja reglur um söfnun og vinnslu tölfræðiuplýsinga,

setja bókasafnasjóði úthlutunarreglur, og veita um-sagnir um styrkumsóknir í bókasafnasjóð. Formaður ráðsins var skipuð Linda Hrönn Þórisdóttir, en aðrir fulltrúar eru Sigrún Blöndal, Pálína Magnúsdóttir, Viggó Gíslason og Siggerður Ólöf Sigurðardóttir. Ráðið fékk loks fjárveitingu á fjárlögum fyrir 2020.

Landsnefnd um Minni heimsins

Landsnefnd um minni heimsins hefur það hlutverk að kynna verkefnið um Minni heimsins á Íslandi og velja mikilvæg gögn á sérstaka landsskrá og senda umsóknir um skráningu á heimsskrá Minni heimsins hjá UNESCO. Formaður nefndarinnar var Guðrún Nordal forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar, en aðrir í nefndinni voru Eiríkur Guðmundsson Þjóðskjalavörður, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður og Bjarki Sveinbjörnsson hjá Tónlistar-safni Íslands. Engin starfsemi var á árinu.

Sjónarhorn í Safnahúsinu

Sýningin Sjónarhorn var opnuð í Safnahúsinu í apríl 2015. Sýningarstjóri var Markús Andrésson, en með honum störfuðu verkefnisstjórn og sýningarstjórn. Margrét Hallgrímsdóttir Þjóðminjavörður er formaður verkefnisstjórnar, en aðrir í verkefnisstjórn eru, auk landsbókavarðar: Guðrún Nordal frá Árnastofnun, Harpa Þórisdóttir frá Listasafni Íslands, Hilmar J. Malmquist frá Náttúruminjasafni Íslands og Eiríkur G. Guðmundsson Þjóðskjalavörður. Fulltrúi safnsins í sýningarstjórn er Ólafur J. Engilbertsson, auk þess sem Rannver H. Hannesson forvörður hafði umsjón með sýningargripum Lbs-Hbs. Í tilefni af 200 ára afmæli Lbs-Hbs árið 2018 var safnið með báðar sérsýningarnar sem skipt er um árlega. Þær voru opnaðar 7. júní 2018 og stóðu fram á vorið 2019. Það voru *Bókverk : frá skapandi prenti til útgáfu listamanna* og *Kveisustrengur : Lbs. Fragment 14*. Bókverkasýningin var einnig hluti af Listahátíð 2018.

Handbók um varðveislu safnkosts

Lbs- Hbs tekur þátt í þýðingu og staðfæringu *Handbókar um varðveislu safnkosts ásamt* Þjóðminjasafni og Þjóðskjalasafni. Bókin er gefin út rafrænt á vef Þjóðminjasafns. Smám saman er nýjum köflum bætt við, en handbókin er ætluð þeim sem starfa við varðveislu menningararfsins. Rannver H. Hannesson forvörður hefur tekið þátt í samstarfinu af hálfu Lbs-Hbs, en ritstjóri er Nathalie Jacqueminet frá Þjóðminjasafni. 2. útg. 1.b. var gefin út í febr. 2019.

Maístjarnan

Lbs-Hbs og Rithöfundasamband Íslands standa að ljóðaverðlaununum *Maístjarnan*, en í maí ár hvert eru

veitt verðlaun fyrir útgefna íslenska ljóðabók undanfarins árs, sem hefur skilað sér til safnsins. Rithöfundasambandið leggur til verðlaunaféð, en báðir aðilar skipa fulltrúa í dómnefnd. Verðlaunin voru veitt í fyrsta skipti 2017 fyrir ljóðabækur útgefna 2016. Í ár var það Eva Rún Snorrardóttir sem fékk verðlaunin fyrir bókina *Fræ sem frjóvga myrkrið* sem Benedikt bókaútgáfa gaf út. Um hundrað ljóðabækur frá árinu 2018 skiluðu sér til safnsins.

Leikminjasafn Íslands

Safnið hefur um allan átt samstarf við Leikminjasafn Íslands, en talsvert af leiklistartengdu efni er í hinum ýmsu safndeildum. Í byrjun árs var undirritað samkomulag um að Lbs-Hbs og Þjóðminjasafn Íslands taki við safnkosti og eigum Leikminjasafns. Samningurinn var gerður með vitund og vilja mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem fjármagnar hann. Lbs-Hbs tók m.a við vefsíðunni *leikminjasafn.is* og gagnagrunninum *Leiksýningar og listamenn*. Þann 8. mars var áfanganum fagnað í fyrirlestrasal með samkomu þeirra aðila sem koma að samkomulaginu. Farið var yfir sögu safnsins, þá vinnu sem er hafin og hvernig fólk sér fyrir sér framhaldið. Dagskráin var tekin upp og er aðgengileg á YouTube rás safnsins. Ársfundur Nordisk Center for Teaterdokumentasjon var haldinn í safninu 16.-17. maí. Leikminjasafn Íslands var lagt formlega niður á aðalfundi 23. maí og í staðin var stofnað vinafélag, sem styður við áframhaldandi starfsemi. Sjá bls. 5 og 37.

Alþjóðlegi sumarskólinn

Alþjóðlegi sumarskólinn í handritafræðum var haldinn í Kaupmannahöfn 12.-13. ágúst. Að honum standa Institut for nordiske studier og sprogvidenskab, Árnastofnanirnar í Kaupmannahöfn og Reykjavík, Háskóli Íslands, auk Lbs-Hbs.

Rannsóknasjóður Sigrúnar Ástrósar

Nokkrir styrkir voru veittir úr Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haraldar Sigurðssonar fyrir árið 2019, en nú er veitt úr sjóðnum annað hvert ár. Jökull Sævarsson er fulltrúi safnsins í úthlutunarnefnd. Markmið sjóðsins er að veita styrki til eflingar rannsóknnum á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskrri bókfræði og stuðla að útgáfu rita um þau efni. Alls bárust 12 umsóknir í sjóðinn að þessu sinni. Úthlutað var tæplega 2 milljónum kr. til fjögurra verkefna:

- Er Íslandskort Jóns lærða fundið? / Viðar Hreinsson.
- Saga bókbands á Íslandi / Sigurþór Sigurðsson.
- Áveitukort Flóaáveitunnar / Ragnheiður Gló Gylfadóttir.
- Eign íslenskra bóka prentaðra á Íslandi fyrir 1800 í fimm stiftsbókasöfnum í Svíþjóð / Steingrímur Jónsson.

Stefnumótun um opin vísindi

Fyrri hluta árs starfaði verkefnahópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins að mótun stefnu um opinn aðgang að niðurstöðum vísindarannsókna og um opinn aðgang að rannsóknagögnum. Í hópnum sátu fulltrúar Háskóla Íslands, Lbs-Hbs, Rannís og Landspítala auk ráðuneytisins. Drög að stefnu um opinn aðgang að vísindarannsóknum voru sett í samráðsgátt stjórnvalda í lok árs. Af hálfu safnsins sátu Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir og Sigurgeir Finnsson í hópnum.

Kaup á CRIS – kerfi

Í júlí var í kjölfar útboðs, undirritaður samningur við fyrirtækið Elsevier um kaup á upplýsingakerfi fyrir rannsóknir á Íslandi og var Lbs-Hbs falið að halda utanum samninginn á samningstíma sem er 5 ár. Jafnframt gegnir safnið miðlægu þjónustu- og samræmingarhlutverki gagnvart háskólum og rannsóknastofnunum sem munu nota kerfið og fara fyrir verkefnisstjórn. Kerfið verður innleitt í alla háskóla landsins, auk rannsóknastofnana. Það verður í skýjalausn, en umsýsla með daglegum rekstri kerfisins verður á þjónustusviði og mun Sigurgeir Finnsson hafa umsjón með innsetningu gagna og tengingu við Opin vísindi.



Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Helgi Gíslason myndhöggvari við afhjúpun lágmyndar af Jóni Árnasyni í Þjóðar-bókhöðunni 7. september 2019.

200 ára afmæli Jóns Árnasonar


Á síðasta ári hófst undirbúningur til að minnast tveggja alda fæðingarafmælis Jóns Árnasonar landsbóka- varðar og þjóðsagnasafnara, en hann var fæddur 17. ágúst 1819. Verkefnið fékk úthlutað 12 m.kr. á fjárlögum. Starfshópur vann að undirbúningi og skipu- lagðir voru viðburðir á Skagaströnd, í Lbs-Hbs og hjá Árnastofnun. Í starfshópnum sátu Guðrún Nordal, Ingi Heiðmar Jónsson, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Lárus Ægir Guðmundsson, Ragnheiður Helga Þórar- insdóttir, Rósa Þorsteinsdóttir og Vilhjálmur Bjarna- son, auk þess sem fjölmargir aðrir tóku þátt í verk- efninu. Helgi Gíslason myndhöggvari var fenginn til að gera lágmynd af Jóni og voru afsteypur settar upp á Skagaströnd og í Þjóðarbókhöndunni. Ýmislegt var gert til að halda upp á afmælið, en Jón var fæddur á Hofi í Skagabyggð, þar sem faðir hans þjónaði sem prestur. Dagana 17.-18. ágúst var haldin dagskrá sem hófst með messu að Hofi á Skaga, þar sem Jón fæddist, og var kirkjan troðfull. Þá var afhjúpað söguspjald um Jón við félagsheimili Skagabyggðar og þar flutti erindi Vilhelm Vilhelmsson. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, opnaði síðan málþing í Fellsborg á Skagaströnd en um 90 manns sátu þingið. Aðrir sem fluttu erindi voru Rósa Þorsteinsdóttir, Kristján Sveinsson og Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir. Forsetinn afhjúpaði þar næst minnisvarða um Jón eftir Helga Gíslason myndhöggvara og var gerður góður rómur að því, en dagskránni lauk með móttöku í Rannsóknasetri HÍ í Gamla kaupfélagshúsinu á Skagaströnd, auk þess sem sett var upp lítil sögusýning um Jón í setrinu. Þann 7. sept. afhjúpaði Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra aðra lágmynd eftir Helga Gíslason af Jóni Árnasyni, í anddyri Bókhöndunnar. Sama dag var haldið málþing og opnuð sýning um Jón. Soffía Auður Birgisdóttir og Arndís Hulda Auðunsdóttir sögðu frá bréfaskiptum hans við börn Sveinbjarnar Egilssonar og Helgu Benediktsdóttur Gröndal, Hólm- fríður K. Gunnarsdóttir sagði frá bréfum langafa síns Jóns Þórðarsonar til Jóns, Bragi Þ. Ólafsson sagði frá

baráttu Jóns fyrir eflingu Landsbókasafnsins, Romina Werth fjallaði um samskipti Jóns og Konrad Maurers sem kom þjóðsögunum í prent og Helga Kress sagði frá bréfum Jóns og Katrínar konu hans til fóstur- sonarins Þorvaldar Thoroddsen í Kaupmannahöfn. Viðburðirnir voru vel sóttir og fullt í fyrirlestrasal. Erindin voru teknir upp og birt á [YouTube](#) rás safnsins. Af sama tilefni setti Reykjavík bókmenntaborg UNESCO upp merkingu á Laufásvegi 5 í Reykjavík, en Jón Árnason byggði húsið og er það stundum nefnt Jónshús. Sjá nánar á vef [Bókmenntaborgar](#). Kjörgripur í september var að sjálfsgöðu [þjóðsagnahandrit Jóns Árnasonar](#) sem eru varðveitt í handritasafni. Þau hafa öll verið mynduð og eru aðgengileg á vefnum [handrit.is](#). Hluti þeirra var á sýningunni sem var opnuð 7. sept. Bætt var við efni á vefnum [jonarnason.is](#) í tilefni af afmælisárinu og gerð grein fyrir helstu viðburðum. Myndefni var aukið og tengt í annað rafrænt efni tengt Jóni. Vefstjóri er Olga Holownia. Þá gaf Íslandspóstur út frímerkið Jón Árnason þjóðsagnasafnari - 200 ára minning. Báðum þessum viðburðum voru gerð skil í sýningum og dagskrám í safninu.

Dagana 17.-18. október hélt Stofnun Árna Magnússonar ráðstefnuna *The Stories and the Man : a Celebration of Jón Árnason's Work as a Collector of Folk Narrative*, í Norræna húsinu. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra opnaði ráðstefnuna, en einnig var boðið upp á stuttan leikþátt á ensku um Nykurinn, og Terry Gunnell las þjóðsöguna Djákninn á Myrká á ensku. Átta erlendir fyrirlesarar voru á ráðstefnunni auk íslenskra, en hún fór fram á ensku. Árnastofnun, í samvinnu við RÚV, fékk ungmenntu til að lesa 10 þjóðsögur sem finna má í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar. Raddir – samtök um vandaðan upplestur studdu verkefnið með því að benda á efnilega lesara í hópi ungs fólks. Sögurnar voru af margvíslegum toga, fyndnar og furðulegar, óhugnanlegar, ráðgefandi og sumar óvæntar. Lestrarnir voru einnig aðgengilegir í spilara RÚV.



Reykjavík
Bókmenntaborg
UNESCO
City of Literature



Jón Árnason, Teikning eftir Hans Peter Hansen / Drawing by Hans Peter Hansen.

Jón Árnason

Jón Árnason (1819 – 1888) þjóðsagnasafnari og kona hans Katrín Þorvaldsdóttir Sívertsen (1829 – 1895) reistu húsið að Laufásvegi 5 árið 1880 og bjó Jón hér til dauðadags. Húsið er úr höggnu grágrýti sem sett er saman með kalki úr Esjunni. Það hefur stundum verið kallað Jónshús. Jón var frumkvöðull í söfnun þjóðsagna en hann segir frá því í endurminningum sínum að hann hafi snemma haft áhuga á að heyra sögur og enginn á æskuheimili hans slapp við að segja honum þær, jafnvel þótt drengurinn yrði svo hræddur að hann yrði að biðja móður sína að halda utan um sig í rúminu. Þjóðsagnasöfnunina hóf Jón árið 1845 ásamt Magnúsi Grímssyni og kom safn þeirra *Íslensk ævintýri* út 1852. Magnús lést 1860 en Jón hélt söfnuninni áfram og kom safnið sem kennt er við hann, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, fyrst út í tveimur bindum 1862 og 1864. Jón var fyrsti landsbókavörður Íslands og hvatamaður að stofnun forngripasafns ásamt Sigurði Guðmundssyni málarara. Saman höfðu þeir svo umsjón með safninu, sem síðar varð Þjóðminjasafn Íslands.

Jón Árnason (1819 – 1888), collector of Icelandic folktales, and his wife Katrín Þorvaldsdóttir Sívertsen (1829 – 1895) built the house at Laufásvegur 5 in 1880 and Jón lived here until his death. The house is made from gray basalt mixed with lime from Mt. Esja. It has been known as Jónshús (House of Jón). Jón was an initiator at collecting folktales in Iceland. In his memoirs he tells of his childhood interest in listening to stories and that no one in his childhood home could escape telling him some, even if the boy would be so scared that he had to ask his mother to hold him in his arms in his bed. Jón started collecting folktales in 1845 together with Magnús Grímsson and their collection *Íslensk ævintýri* (Icelandic Fairytales) was published in 1852. Magnús passed away in 1860 but Jón continued collecting folktales. The collection named by him, *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* (Icelandic folktales and fairytales), first came out in two volumes in 1862 and 1864. Jón Árnason was the first National Librarian of Iceland and instigated the founding of a museum of national relics along with Sigurður Guðmundsson. They jointly took hand of the collection, later to become the National Museum of Iceland.



Reykjavíkurborg

bokmenntaborgin.is / cityofliterature.is

Skilti til minningar um Jón Árnason sem Reykjavík Bókmenntaborg setti upp. Skiltið er á húsi Jóns að Laufásvegi 5.

Erlent samstarf

NORON

Norrænir lands- og ríkisbókaverðir hafa með sér óformlegt samráð, aðallega rafrænt seinni árin. Hópurinn hittist ekki formlega.

CENL

Á síðasta ári funduð evrópskir landsbókaverðir á Íslandi, en í ár var fundurinn haldinn í Mo i Rana í Noregi dagana 2.-4. júní. Norska Nasjonalbiblioteket rekur þar geymslusafn fyrir norsk bókasöfn og sér um millisafnalán, auk þess að starfrækja miðstöð starfænnar endurgerðar fyrir allar tegundir efnis frá norskum menningarstofnunum. Efnid er að hluta til varðveitt í gömlum járnnamum og allt umhverfið er mjög tæknivætt með róbótum og færíböndum auk þess að vera hita- og rakastýrt. Í safninu eru alls um 420 ársverk og um helmingur er í Mo i Rana. Á fundinum var fjallað um verkefni CENL, en áhersla var á breytingar og endurskipulagningu á starfsemi landsbókasafna, húsnæði, fjölbreytileika og aðgengi allra að landsbókasöfnun, stafrænt efni o.fl.

IFLA

85. þing IFLA (International Federation of Library Associations and Institutions) var haldið í Aþenu í Grikklandi dagana 24.-30. ágúst. Um 3.500 manns sóttu þingið, m.a. átta Íslendingar og þar af þrír frá safninu, þær Sólveig Lind Ásgeirsdóttir, Oddfríður Helgadóttir og landsbókavörður. Fjölmarginir fundir, fyrirlestrar og dagskrár voru í boði, auk vörusýningar þar sem framleiðendur og fyrirtæki kynntu vörur tengdar bókasöfnum og svo veggspjaldasýning. Ný stefna IFLA 2019-2024 var kynnt á þinginu.

CDNL

Árlegur fundur landsbókavarda, CDNL – Conference of Directors of National Libraries var haldinn í nýrri byggingu sem hýsir þjóðbókasafn og óperu Grikklands (The Stavros Niarchos Foundation Cultural Center). Þar var einnig haldið menningarkvöld IFLA ráðstefnunnar. Þema fundarins var *Næsta kynslóð* (Next Generation) og tengdist nýrri stefnu IFLA.

IIPC

Lbs-Hbs er stofnfélagi í IIPC (International Internet Preservation Consortium), en markmið samtakanna er að safna, varðveita og veita aðgang að þekkingu og upplýsingum frá Internetinu og stuðla að alþjóðlegri samvinnu og samskiptum. Aðalfundur var haldinn í

Zagreb í Króatíu og hann sótti Kristinn Sigurðsson sem er í stjórn IIPC og stýrir s.k. Tools Development Portfolio. Sá hópur sér um þróun á hugbúnaði fyrir vefsöfnun.

NNG

NNG (Nordic Networking Group on Bibliographic and Infrastructure Topics) er norrænt samstarf um kerfisleg verkefni á sviði bókfræði og bókasafnakerfa. Hópurinn hittist í Kaupmannahöfn en fundinn sóttu Ragna Steinarsdóttir og Sveinbjörg Sveinsdóttir frá Landskerfi bókasafna.

EDUG

EDUG (European Dewey User Group) er notendafélag Dewey kerfisins í Evrópu. Á vegum þess fer fram samræmingarvinna varðandi þýðingar og aðlaganir, auk þess sem hagsmuna evrópskra safna er gætt. Samstarfssamningur var endurnýjaður á árinu, en ársfundur og ráðstefna voru haldin í Stokkhólmi. Tengiliður er Rósfríður Sigvaldadóttir.

EURIG

Eurig (European RDA Interest Group) eru samtök hagsmunaaðila sem nota RDA skráningarreglurnar í Evrópu. Flestir þátttakendur eru stofnanir eða söfn sem hýsa þjóðbókaskráningu og aðrir sem nota RDA. Ársfundur var í Budapest í Ungverjalandi. Tengiliður er Ragna Steinarsdóttir og Hallfríður Kristjánsdóttir er í ritnefnd Eurig.

Bibframe

Bibframe er grunnur fyrir bókfræðilegar lýsingar, sem nýtir Linked Data tækni bæði á vef og í skráningarkefnum. Áhersla er á flutning gagna úr núverandi MARC-sniði í yfir í Bibframe. Verkefnið er að frumkvæði Library of Congress og fylgst var með þróun mála á árinu.

VIAF

Lbs-Hbs er þátttakandi í VIAF (Virtual International Authority File) sem er sameiginleg nafnmyndaskrá flestra þjóðbókasafna í Evrópu og N-Ameríku og er unnin er í samvinnu við OCLC, sem sér um að tengja nafnmyndir safnanna saman í klasa. Aðildarsöfnin geta síðan flutt nafnmyndir annarra í eigin nafnmyndaskrár. Á síðasta ári voru bókfræði- og

nafnmyndagögn Gegnis gerð aðgengileg í VIAF í samvinnu við Landskerfi bókasafna og verið er að skoða þau. Tengiliður er Ragna Steinarsdóttir.

CLARIN

Safnið er þátttakandi í evrópska rannsóknainniðnum CLARIN, í gegnum CLARIN Ísland. Markmið CLARIN er að öll stafræn málföng o.fl. verði aðgengileg til nota í rannsóknum í hug- og félagsvísindum og máltækni.

NordLic

Dagana 6. og 7. júní var haldinn NordLic fundur í Þjóðarbókhöðu. Fundurinn er haldinn árlega og er samstarfsvettvangur norrænna samlaga sem sjá um áskriftir að rafrænu vísindaefni. Meðal umræðuefna voru atriði sem að lúta að opnum aðgangi, en Norðurlandþjóðirnar standa mjög framarlega í umbreytingum frá áskriftarleið (subscription licenses) í útgáfu og lestrarsamninga (publish & read (PAR)).



Dagný Rósa Úlfarsdóttir oddviti Skagabyggðar afhjúpar söguskilti um Jón Árnason við félagsheimilið Skagabúð.

Samningar

- 23.01.2019 Samningur við Hið íslenska bókmenntafélag um lán á bókum á sýningu.
- 28.01.2019 Samningur við Félag íslenskra safna og safnamanna um stafræna endurgerð *Ljóra* 1980-1991 og *Safnblaðsins Kvists* 2014-.
- 15.02.2019 Samningur við Ljósmeðrafélag Íslands um stafræna endurgerð *Ljósmeðrablaðsins* 1922-2019.
- 19.02.2019 Samningur við Mosfelling um stafræna endurgerð *Mosfellings* 2002-2019.
- 20.02.2019 Samningur við Hjartaheill um stafræna endurgerð *Velferðar* 1989-2019.
- 02.04.2019 Samningur við Helga Gíslason myndhöggvara um um gerð lágmyndar af Jóni Árnasyni.
- 15.07.2019 Contract on the delivery and maintenance Services of Current Research Information System (CRIS). Samningur um kaup á Pure kerfinu frá Elsevier.
- 22.07.2019 Samningur við Heilsuvernd ehf um skiptingu ábyrgðar vegna þjónustu á sviði heilsu- og vinnuverndar.
- 10.10.2019 Viljayfirlýsing um varðveislu á íslenskum tónlistarupptökum með Félagi íslenskra hljómplötu-útgefenda, Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda, STEFs og mennta- og menningar-málaráðherra.
- 15.10.2019 Samningur við Skessuhorn ehf um stafræna endurgerð *Skessuhorns*.
- 21.10.2019 Samningur við Bandalag íslenskra skáta um stafræna endurgerð *Skátablaðsins* 1935-2019.

Gagnagrunnar á háskólaneti:

- 24.01.2019 Samningur við Springer um rafbækur fyrir Hugvísindasvið HÍ – *My Collections – eBooks*.


Landsaðgangur:

- 16.01.2019 Samningur við *ProQuest* til eins árs.
- 18.01.2019 Samningur við Elsevier um *Science Direct*.
- 31.01.2019 Viðbót 4 við samning við Elsevier *Medical Core List*.
- 28.05.2019 Samningur við *SpringerNature* til tveggja ára.

Þá framlengdist samningur við *Morgunblaðið* um eitt ár.

Skipurit

Skipurit í október 2019.





Sýning um Jón Árnason - opnuð í Þjóðarbókhöfðu 7. september 2019.

Rekstur og upplýsingatækni

Sviðið ber ábyrgð á allri innri þjónustu safnsins, þ.e. fjámálum, starfsmannamálum, skjalastjórn, upplýsingatækni, vefumsjón, rekstri húss og lóðar, sýningar- og kynningarmálum, auk samninga um rekstur mótuneytis og veitingastofu. Sviðsstjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri safnsins. Í árslok störfuðu 14 á sviðinu, í 13,6 ársverkum, níu karlar og fimm konur. Sviðsstjóri er Edda Guðrún Björgvinsdóttir.

Hússtjórn

Hlutverk hússtjórnar er að sjá um viðhald og rekstur Þjóðarbókhöfðunnar, hafa umsjón með kerfum og búnaði hússins, annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun, símvörslu og ýmsa þjónustu við starfsfólk. Einnig umsjón með húsakosti og búnaði í Mjódd og Reykholti.

Framkvæmdir

Haldið var áfram hreinsun loftstokka, í ár voru þrífir loftstokkar á 2. h. Skipt var um gler í þaki forhýsis og lokið var við að setja öryggisgler í glugga. Nýtt gler var sett í glugga forsals Íslandssafns, gamla glerið var orðið mjög illa farið af kísil frá síkinu. Í stigahúsum var skipt út ónýtu gleri eftir þörfum og rennihurð í anddyri

var endurnýjuð. Ný rakadæla var sett fyrir kerfi 2. Hraðabreytar voru endurnýjaðir í rakakerfi 2 og útsogs

blásurum fyrir kerfi 3 og 5. Skipt var um rakaskiljur í öllum rakatækjum loftræsikerfa. Önnur grunnvatnsdælan var endurnýjuð. Bætt var við stólum og borðum á 2. h. og settar tenglasúlur við borðin. Skipt var um rafhlöður í UPS fyrir tölvusamstæðu og lokið var við að skipta út talnalásnum fyrir kortalesara. Nýr skjávarpi og sýningatjald var sett upp í kennslustofu á 3.h. Settar voru hillur í herbergi Miðstöðvar munnlegrar sögu á 4.h. Útbúnir voru útifánar með nýja merkinu. Veggir í anddyri og hópvinnuherbergjum voru málaðir eftir þörfum. Sett var upp brjóstmynd af Jóni Árnasyni landsbókaverði, eftir Helga Gíslason.

Ýmislegt

Að venju var farið yfir öryggiskerfi hússins á fyrsta vinnudegi ársins. Haldið áfram að bólstra stóla. Keyptir voru tíu nýir skrifborðsstólar fyrir starfsfólk. Bætt var við fundarborðum á nokkrum stöðum. Skúffuskápur var smíðaður fyrir tón- og myndsafn. Nýr skurðarhnífur var settur í bókkbandið.

Þrif

Þrifin voru með sama hætti og undanfarin ár. Teppi voru þrifin ítarlega á sumarmánuðum og veggskildir og rúðugler að utan var þrifið í júní.

Lóð

Garðlist sá um slátt og klippingu trjáa og runna eins og undanfarin ár. Haldið var áfram vinnu við skrúðgarðinn austan við húsið. Átak var gert í að sanda/salta gangstíga og snjómokstri. Útikranar á stigahúsum voru endurnýjaðir.

Geymslur í Mjódd

Stórátak var gert í grisjun efnis og hreinsun í Mjóddinni. Ástand þar er orðin viðunandi og vinnuaðstaða ásættanleg, þótt ýmislegt megi bæta.

Varaeintakasafn í Reykholti

Bætt var við rafmagnsmæli fyrir vestari álmum sem er á vegum Snorrastofu.

Reikningshald og skjalastjórn

Ársreikningur safnsins fyrir árið 2019 liggur fyrir og eru helstu tölur úr honum birtar í árstölum safnsins og þar kemur einnig fram skipting rekstrargjalda (sjá töflur 6.2 og 6.3). Niðurstaða ársins er tap upp á 17,5 millj. kr. Afkoman er samt betri en reiknað var með og er helsta skýringin á því að sértekjur eru nokkru hærri en ráð var fyrir gert og hagstætt gengi.




Skjalastjórn

Alls hafa 36 starfsmenn aðgang að GoPro.net skjalastjórnarkerfinu. Það er hýst hjá kerfisveitu Hugvits, og er í útgáfu Gopro Foris 18.2. Unnið var að breytingum á útliti skjala, skýrslna og ýmis konar prentefnis til samræmis við hönnunarstaðal frá Íslensku auglýsingastofunni. Stofnuð voru 164 mál í GoPro árið 2019. Þá var einnig unnið að frágangi eldri skjala í geymslu og skráningu í File Maker gagnagrunna. Gögnum hefur ekki verið skilað til Þjóðskjalasafns, en unnið að rafrænum skilum á gagnasafninu *skemman.is*.

Mannauður

Hlutverk mannaússtjóra er að halda utan um öll málefni sem tengjast starfsfólki.

Í árslok störfuðu 78 starfsmenn hjá safninu í 71,18 ársverkum. Meðalaldur starfsmanna lækkar lítillega á milli ára og er 49,8 ár en var 50,2 ár í fyrra.



Starfsmannavelta

Ellefu starfsmenn hættu störfum á árinu. Þar af fimm vegna tímabundinna ráðninga og fjórir sökum aldurs. Starfsmannavelta var alls 14% en eiginleg starfsmannavelta þegar frá eru talin starfslok vegna aldurs og tímabundinna ráðninga árið 2019 var 2,5%. Ellefu starfsmenn hófu störf á safninu á árinu 2019, sex störf voru auglýst laus til umsóknar. Einn starfsmaður var

ráðinn tímabundið í nýtt starf á varðveislusviði. Þá voru ráðnir til safnsins fimm starfsmenn í tímabundin störf við afleysing og í tímabundin hlutastörf.

Laust starf	Umsóknir	Karlar	Konur
Fagstjóri - Þjónustusvið	16	2	14
Sérfræðingur - Aðfangasvið	14	2	12
Upplýsingafræðingur - Þjónustusvið	14	6	8
Bókavörður - Þjónustusvið	54	27	27
Bókavörður 50% - Þjónustusvið	41	14	27
Sérfræðingur - Þjónustusvið	24	11	13

Veikindafjarvistir

Veikindastundum fjölgaði á milli ára. 70 starfsmenn voru með einn eða fleiri skráðan veikindadag eða 89%. Helmingur starfsfólks var frá vegna veikinda í samtals 10 daga eða minna, en meðalfjöldi veikindadaga var 16,3. Langtímaveikindi vega þungt í veikindatölum ársins 2019.

Veikindafjarvistir	2017	2018	2019
Veikindastundir alls	6,520	7,235	9,308
Hlutfall af vinnudögum	4,45%	4,82%	6,29%
Dagar pr. starfsmann	10,3	12,5	16,3
Fjöldi starfsmanna veikur >20 daga	11	12	14

Fræðsla og starfsþróun:

Haustið 2019 var samþykkt fræðsluáætlun fyrir veturinn 2019-2020. Meðal efnis var aðferðafræði Lean, framsögn og tjáning, forvarnir gegn kulnun, örnámskeið, tækni og samfélagsmiðlar. Í starfsþróunaráætlun var innleitt markmið um að allt starfsfólk njóti fræðslu og símenntunar í a.m.k. 8 klst. á ári. Árið 2019 var hlutfall starfsmanna, sem fékk a.m.k. 8 tíma fræðslu 80%.

Starfsþróun	2017	2018	2019
Örfyrirlestrar og kynningar	8	7	10
Fyrirlestrar	1	6	1
Námskeið	5	0	3
Meðalfjöldi á námskeiði / kynningu	20	18	15
Meðalfjöldi þátttakenda / starfsmfj.	24%	23%	19%

Safnið greiddi fyrir þátttöku 26 starfsmanna á samtals 36 málþing, námskeið eða ráðstefnur. Auk þess sótti starfsfólk fjölda frírra fræðsluerinda, ráðstefna og funda á vinnutíma á árinu Fjórir starfsmenn fengu rannsóknarleyfi/námsleyfi.

Sýningar og kynningar

Hlutverk einingarinnar er að sjá um sýningar, kynningar og útgáfumál safnsins, en margir starfsmenn leggja sýningum lið. Af níu sýningum fjölluðu

þrjár um konur, fjórar um karla og tvær fjölluðu um hluti eða bæði kyn. Einingin hefur einnig umsjón með kjörgríp mánaðarins á aðalvef safnsins.

Viðurkenning Hagþenkis 2018

Viðurkenning Hagþenkis var veitt 6. mars í Þjóðarbókhöðunni við hátíðlega athöfn, og hana hlaut Kristín Svava Tómasdóttir fyrir ritið *Stund klámsins : klám á Íslandi á tímum kynlífsbyltingarinnar*, sem Sögufélag gaf út. Viðurkenninguna veitti Jón Yngvi Jóhannsson. Tónlist fluttu Tómas R. Einarsson og Sigríður Thorlacius, m.a. við ljóð Kristínar Svövu. Sýningin var í samstarfi við Hagþenki og stóð út september.

Fyrstu kynni – Grænlandingar á Ísafirði 1925

Árið 1925 komu sjaldséðir gestir til Ísafjarðar, tæplega 90 Grænlandingar. Á sýningunni var fjallað um hvernig heimsóknin tengdist deilum Dana og Norðmanna um yfirráð á hluta Austur-Grænlands, hvernig tekið var á móti gestunum á Ísafirði, athyglina sem hún vakti og þá þýðingu sem hún hafði fyrir samskipti þjóðanna. Stærsti hluti sýningarinnar var í Veröld, húsi Vigdísar, en annar hluti í Þjóðarbókhöðunni, m.a. bækur, greinar um Grænland og Grænlandinga í tímaritum og ljósmyndir. Sýningin var samstarfsverkefni með Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og Safnahúsinu á Ísafirði. Hún var opnuð 19. jan. og stóð til 29. apríl.

Plötusafn Sigurjóns Samúelssonar

Sigurjón Samúelsson á Hrafnabjörgum við Ísafjarðardjúp hóf um 1950 að safna hljómplötum, fyrst íslenskum söng- og harmonikuplötum, sem sumar voru frá því skömmu eftir aldamót og að sjálfsgöðu 78 snúninga. Ósk Sigurjóns var að plöturnar yrðu varðveittar á safni, þar sem almenningur gæti haft not af þeim að honum látum. Þann 7. febrúar var opnuð sýning í Þjóðarbókhöðunni um Sigurjón, þar sem sonur hans, Samúel Sigurjónsson, afhenti Lbs-Hbs formlega safn föður síns. Sýningin stóð til 1. september.

Sjónarfur Sigmundar Guðmundssonar prentlistamanns

Þann 9. apríl var opnuð í Þjóðarbókhöðunni sýningin *Sjónarfur Sigmundar Guðmundssonar prentlistamanns*. Hann var fæddur 1853 í Ólafsdal í Dalasýslu. Sigmundur átti mikinn þátt í þeim endurbótum sem urðu á prentið hér á landi fyrir aldamótin 1900. Hann var talinn listfengasti og smekkvísasti prentari landsins á þeim tíma. Á sýningunni mátti sjá sýnishorn af prentlist Sigmundar sem Unnar Örn myndlistarmaður og Guðmundur Oddur Magnússon (Goddur) rannsóknaprófessor við Listaháskóla Íslands hafa tekið saman úr safnkosti Lbs-Hbs. Rannís styrkti verkefnið. Sýningin var opin til 1. okt.

Að vera kjur eða fara burt?

Á fæðingardegi Halldórs Laxness þann 23. apríl, var opnuð sýningin *Að vera kjur eða fara burt?* Tilefnið er aldarafmæli *Barns náttúrunnar*, fyrstu skáldsögu Halldórs. Sýningin var samstarfsverkefni Lbs-Hbs, Gljúfrasteins, Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO og Forlagsins. Safnaráð og Vínafélag Gljúfrasteins styrktu verkefnið. Ávörp fluttu auk landsbókavarðar, Pétur Gunnarsson rithöfundur, Unnur Guðjónsdóttir, sem afhenti hljóðupptökur með viðtali við Laxness, Haukur Ingvarsson sýningarhöfundur og Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, sem opnaði sýninguna. Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir söng nokkur lög við ljóð Laxness og lék undir á gítar. Á sýningunni var hljóðleiðsögn um staði sem tengjast Halldóri í Kvosinni, sem Reykjavík Bókmenntaborg sá um. Prentuð var vegleg sýningarskrá sem Forlagið sá um að hanna og láta prenta. Haukur Ingvarsson skrifaði megintextann í sýningarskrána en þar áttu einnig efni Auður Jónsdóttir, Halldór Guðmundsson, Kristín Marja Baldursdóttir, Unnar Örn, Árni Heimir Ingólfsson og Sjón. Sýningin var opin til 25. júní 2020.

Við tökum vel á móti þér – Ljósmeðrafélagið 100 ára

Í tilefni af 100 ára afmæli Ljósmeðrafélags Íslands var opnuð sýning á degi ljósmeðra, sunnudaginn 5. maí. Ljósmeðrafélag Íslands stóð að sýningunni í samstarfi við Kvennasögusafn og Lbs-Hbs.

Þann 2. maí árið 1919 komu 20 ljósmeður saman á heimili Þórdísar Elínar Jónsdóttur Carlquist ljósmóður og eiginmanns hennar, Alex Wilhelm Carlquist vindlagerðarmanns, á Laugavegi 20 í Reykjavík, í þeim tilgangi að stofna félag ljósmeðra. Tilgangurinn var að efla hag ljósmeðrastéttarinnar og standa vörð um kjör þeirra. Í dag skipa stjórn félagsins sjö ljósmeður og núverandi formaður er sú sextánda í röð formanna. Ávörp fluttu auk landsbókavarðar, Jan Bakke fyrsti ljósfaðir Noregs, Áslaug Valsdóttir formaður Ljósmeðrafélags Íslands sem afhenti Kvennasögusafni gögn frá félaginu og Ólöf Ásta Ólafsdóttir prófessor í ljósmóðurfræði sem sagði frá sýningunni. Af þessu tilefni kom einnig út nýtt frímerki um Ljósmeðrafélag Íslands 100 ára. Fundarstjóri var Rakel Adolphsdóttir sérfræðingur á Kvennasögusafni Íslands. Sýningin var opin til 9. febrúar 2020.

Maístjarnan - Eva Rún

Rithöfundasamband Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn veittu verðlaunin *Maístjörnuna* fyrir bestu ljóðabók undangengis árs. Tilnefningar til Maístjörnunnar vegna ljóðabókar útgefnar 2018 voru kynntar við athöfn í Gunnarshúsi 29. apríl. Verðlaunin voru afhent í þriðja sinn við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhöðunni 20. maí. Maístjörnuna fyrir ljóðabók ársins 2018 hlaut Eva Rún Snorradóttir fyrir

ljóðabók sína *Fræ sem frjóvga myrkrið*. Sýning á tilnefndum ljóðabókum ásamt verðlaunabókinni og fyrri verkum verðlaunahafans stóð til 10. október.

Ráðstefna og sýning um Jón Árnason á Skagaströnd

Dagana 17. og 18. ágúst 2019 var þess minnst í Skagabyggð og á Skagaströnd að 200 ár voru liðin frá fæðingu Jóns Árnasonar landsbókavarðar og þjóðsagnasafnara, en hann fæddist að Hofi í Skagabyggð 17. ágúst 1819. Við þetta tækifæri var opnuð lítil sögusýning um Jón Árnason í Rannsóknasetri HÍ á Norðurlandi vestra í Gamla kaupfélagshúsinu.

Ráðstefna og sýning um Jón Árnason í Þjóðarbókhöðunni

Haldin var ráðstefna og opnuð sýning tileinkuð Jóni Árnasonar þjóðsagnasafnara í Þjóðarbókhöðunni, 7. sept. 2019. Mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, flutti ávarp og afhjúpaði lágmynd í anddyri Þjóðarbókhöðunni. Gefin var út vegleg sýningarskrá. Sýningin var opin til 9. ágúst 2020. Sjá nánar á bls.14.

Jólaútgáfur

Í tilefni adventunnar var sett upp í anddyri safnsins örsýning á nokkrum jólatengdum útgáfum frá undanförunum 100 árum eða svo. Þar voru frumsamdar íslenskar bækur um jólin, ársrit tengd jólum, þýddar bækur og hljómplötur. Sýningin var opnuð 1. desember og stóð til 12. Janúar 2020.

Kjörgripir 2018

Af kjörgripum mánaðarins á vef safnsins voru tveir tengdir konum og sjö tengdir körlum, en þrjár ótilgreindir eða tengjast báðum kynjum:

Tuksit – bók, Egill Þórhallason

Sigurður Skagfield – plata, Sigurjón á Hrafnabjörgum

Piltur og stúlka – frumútgáfa, Jón Thoroddsen

Prentverk – sýnishorn, Sigmundur Guðmunsson

Bréf til móður – bréfasafn, Halldór Laxness

Ljósmeðrablaðið – tímarit, Ljósmeðrafélag Íslands

Barn náttúrunnar – frumútgáfa, Halldór Laxness

Sá nýi yfirsetukvennaskóli – bók, Balthazar Buchwald

Þjóðsagnasafn – bók, Jón Árnason

Fjalla-Eyvindur – leikrit, Jóhann Sigurjónsson

Vísnakver Fornólfs – bók, Jón Þorkelsson

Om jordbranden 1783 – bók, Sæmundur Hólm

Bókbindarasafn – bókband, Ársæll Árnason

Nu kimer det til julefest – plata, Elsa Sigfúss

Yfirlit

Níu sýningar voru á árinu, þar af fimm stórar. Sjö voru samstarfsverkefni við aðila utan safnsins. Þrjár sýningar fjölluðu um konur, fjórar um karla og tvær fjölluðu um hluti eða bæði kyn. Tveir kjörgripir voru

um konur, sjö um karla og þrír ótilgreindir. Erindi í tengslum við sýningar og afmæli fluttu 20 konur og 8 karlar og 2 konur og 1 karl fluttu tónlist. Safnið tók þátt í Safnanótt á Vetrarhátíð þann 8. febrúar í samstarfi við Safnahúsið og Þjóðminjasafnið. Hið færnlega prentverkstæði *Prent & vinir*, var í gamla lestrarsalnum í Safnahúsinu. Gestir gátu prentað eigið bókverk á staðnum. Myndlistarmennirnir Leifur Ýmir Eyjólfsson og Sigurður Atli Sigurðsson leiðbeindu um mismunandi tækni og aðferðir, en þeir reka prentverkstæðið *Prent & vinir*. *Bækur á bakvið* voru með örverslun í anddyri Safnahússins á Safnanótt. Gefnar voru út tvær veglegar sýningarskrár, *Jón Árnason 200 ára* og *Aðvera kjur eða fara burt*, í samstarfi við Forlagið og Gljúfrastein. Einnig voru gerðir þrír minni bæklingar á íslensku og ensku og fjölritaðir innanhúss. Bjarki Sveinbjörnsson og Jón Hrólfur Sigurjónsson tóku upp kynningar og fyrirlestra í tengslum við sýningar og settu á YouTube rásina.

Tölvurekstur

Tölvurekstur sér um að tölvur, netþjónar og netbúnaður séu í góðu lagi svo ekki verði truflun á starfsemi safnsins. Tölvurekstur ber ábyrgð á tölvu- og netkerfum (LBS / Reykholt / Mjódd / Hýsing) og að þau virki sem skyldi. Fylgst er með nýjungum og breytingum á þessu sviði svo fyllsta öryggis sé gætt. Helstu verkefni eru rekstur og umsjón netþjóna, gagnageymslna, netkerfa (póstkerfa, gagnagrunna og sýndarumhverfis), aðgangsstýringar og notenda-stjórnun, afritunarlausnir og gagnaöryggi, eftirlit með vírus- og öryggisvörnum, ráðgjöf um innkaup á búnaði, uppfærslur á hugbúnaði og stýrikerfum, rekstur IP símkerfa, auk uppsetningar og reksturs öryggismyndavélakerfis.

Uppfærslur og lagfæringar

Talsvert var um uppfærslur á tölvuumhverfi safnsins á árinu. Linux þjónar voru uppfærðir í nýjustu útgáfu RHEL8, og Windows þjónar voru uppfærðir í útgáfu Server 2019. Trend Micro vírusvarnir fyrir útstöðvar og póstgátt voru uppfærðar og afritunarkerfið Veeam, prentþjónustan og hússtjórnarkerfið einnig uppfært í nýja útgáfu. Veföryggiskerfið var uppfært og flutt í sýndarumhverfi. Þá voru s.k. Kiosk vélar uppfærðar og bætt við nýjum vélbúnaði, m.a. leitarvél fyrir *leitir.is* og tölvum fyrir starfsfólk hljóðsafns og Íslandssafns, auk véla fyrir gesti í lesherbergjum, fyrir internet, gagna-söfn og ritvinnslu á 2. h.

Viðbætur

Skipt var um alla Cisco Meraki netbeina safnsins vegna framleiðslugalla. Öryggismyndavélum var enn fjölgað og eru nú 48, bæði inni og úti. Þá var settur upp

netbeinir í sprinklerrými m.a. til að hægt verði að fjölga öryggismyndavélum í anddyri safnsins.

Innleiðingar

Fylgst var með innleiðingu Office 365 hjá stofnunum ríkisins s.s. leyfamálum og innleiðingarferli. Framkvæmdaráð safnsins fékk fartölvur og einnig var bætt við þremur fartölvum sem starfsfólk getur fengið lánaðar. 3PAR 8200 gagnageymsla var innleidd og eldri 3PAR 7200 færð í Verne Global. HPE 3PAR gagnageymsluinnleiðingin var fullmótuð snemma árs. Eldri stæður voru sameinaðar í eitt stórt gagnapláss í hýsingarskáp safnsins í Verne Global.

Hafin var samvinna við Sensa um að koma öllum upp-runagögnum myndastofu í skýjaþjónustu hjá Amazon Web Services í svokallaða „Glacier“ lausn.

Tekin var yfir umsjón með gögnum Leikminjasafns Íslands, sem hýst voru hjá hýsingaraðila, þ.m.t. vefur og þjónustur, sem voru orðnar úreltar og öryggi ábótavant. Slökkt var á þeim sökum öryggismála í lok árs og ábyrgð verkefnisins flutt til upplýsingatækiahóps, sem mun hanna vefi og þjónustur frá grunni. Daglegur rekstur útstöðva er enn fyrirferðarmikill hluti af rekstri. Verkeiðnirnar urðu 565 talsins og standa þær nánast í stað á milli ára.

Lykiltölur	2018	2019
Heildargagnamagn á diskastæðum	330TB	370TB
Gagnamagn í gagnaskýi Advania	220TB	220TB
Netþjónar - Windows	31	27
Netþjónar - Linux	29	24
Sýndarþjónar	49	47
Tölvur starfsfólks	105	105
Fartölvur starfsfólks		14
Tölvur gesta og kiosk þjónustur	35	21
Prentarar og ljósritunarvélar	16	16
Netaðgangs- og öryggisbúnaður	8	8
IP-tölvur skráðar í uppflettiskrá	368	419
Annar búnaður eingöngu á innra neti		
IP símtæki	90	88
Öryggismyndavélar	44	48
Netbeinar (switch)	13	18
Þráðlausir sendar (AP)	0	5

Upplýsingatækni og vefstjórn

Upplýsingatækniþjónustur greinir, þróar og innleiðir upplýsingatækniþjónustur í safninu í samvinnu við aðrar starfseiningar. Verkefni eru ýmist þróuð innan safnsins eða unnin í samvinnu við aðra, m.a. önnur þjóðbókasöfn. Unnið var að fjölmörgum verkefnum á árinu, sum eru ný en önnur hafa verið í vinnslu nokkurn tíma. Það er eðli verkefnanna að vinnu við þau lýkur ekki fyrr en þau eru lögð af, því eftir innleiðingu hefst viðhald og oft þarf að gera breytingar eða bæta við nýjum verkþáttum.

Ný ásýnd vefja

Í tengslum við 200 ára afmæli safnsins var útbúið nýtt útlit fyrir vefi safnsins árið 2018. Vinna við að koma vefjum safnsins í nýja útlitið hófst um haustið og var henni haldið áfram í ár. Nýja hönnunin leysir af hólmi rúmlega tíu ára gamlan forvera. Auk þess að vera nútímalegri þá er nýja hönnunin einnig miðuð við að styðja jafnt við notkun farsíma og snjalltækja. Aðgengi notenda slíkra tækja mun því batna mjög.

Landsbókasafn.is

Aðalvefur safnsins var tekin til gagngerðrar endurskoðunar í tenglum við nýtt útlit vefjanna. Um var að ræða mjög metnaðarfullt verkefni þar sem allir þættir vefjarins voru skoðaðir í náinni samvinnu þvert á svið safnsins. Endurskoðaður aðalvefur var opnaður í upphafi árs og er almenn ánægja með hann.

Timarit.is

Timarit.is er lang vinsælasti vefur safnsins og hefur að mestu verið óbreyttur frá því 2009. Var því kominn tími á að gera heilmiklar breytingar á honum þar sem undirliggjandi tækni var komin nokkuð til ára sinna og farin að takmarka framtíðarmöguleika vefsins. Auk þess að færa vefinn í nýtt samræmt útlit safnsins, þá var vefurinn endurskrifaður frá grunni með það fyrir augum að hann geti haldið áfram að þróast á næstu árum og þjónað sínu hlutverki önnur 10 ár án vand-ræða. Uppfærður vefur var opnaður í lok ársins en vinna við framþróun hans heldur áfram. Nokkuð barst af kvörtunum frá dyggum notendum og var reynt að sinna þeim eins og hægt var og aðstoða fólk.

Aðrir vefir

Ásýnd fjölmargra annarra vefja safnsins var einnig uppfærð í nýja útlitið. T.d. Rafhlaðan, Vefsafn og Bókaskrá. Þar var mestmegnis um útlitsbreytingu að ræða, en undirliggjandi virkni að mestu óbreytt. Lyftir þetta vefjunum töluvert upp. Undirliggjandi tækni vefjanna var uppfærð samhliða þessu eftir því sem kostur var á. Þá fengu nokkrir vefir sem ekki eru í samræmdu útliti (t.d. *hvar.is*) andlitslyftingu. Enn á eftir að uppfæra ýmsa vefi og heldur verkefnið áfram til samræmis við stefnu stjórnvalda og stefnu safnsins.

Vefsöfnun

Framkvæmd vefsafnanna gekk vel fyrir sig, en þrjár heildarsafnanir á íslenska þjóðarléninu .is voru gerðar. Um 69 þúsund lén tilheyra þjóðarléninu og söfnuðust að meðaltali um 97 milljónir skjala í hverri söfnun. Er þetta svipað og 2018. Vikulegum söfnunum á sér-völdum vefjum var einnig haldið áfram á árinu. Vefirnir voru valdir af starfsfólki skylduskila m.t.t. þess að um væri að ræða vefi með efni sem skipti máli í þjóð-málaumræðu og að vefirnir væru uppfærðir ört. Einnig var haldið áfram sífelldum söfnunum á völdum vefjum í gegnum RSS fréttastauma.

Öryggi notenda

Til að bæta öryggi notenda á vefjum safnsins hefur upplýsingatæknihópur virkjað https dulkóðun á öllum vefjunum. Þessi nýi tengimáti er mun öruggari, en þó er enn boðið upp á eldri tengimáta á sumum vefjanna. Undir lok 2019 voru flestir vefir safnsins einungis aðgengilegir í gegnum öruggar https-tengingar.



Gestir á málþingi um Jón Árnason í Fellsborg á Skagaströnd 17. ágúst.

Aðföng og skráning

Sviðið ber ábyrgð á þaulsöfnun skilaskylds íslensks efnis og uppbyggingu ritakosts í þágu háskólanáms og rannsókna, þ.e. innkaupum og innheimtu efnis, aðfangaskráningu og utanumhald um ritakaupasjóði Háskóla Íslands og safnsins. Einnig sér sviðið um móttöku gjafa, flokkun, skráningu og efnisgreiningu þess efnis sem tekið er inn í Gegni, auk þess að ganga frá efni til útláns og notkunar. Ennfremur sér sviðið um bókfræðistjórn og gæðastjórnun í Gegni í samvinnu við Landskerfi bókasafna. Í árslok störfuðu 22 starfsmenn á sviðinu í 20,75 ársverkum, átján konur og fjórir karlar. Sviðsstjóri er Ragna Steinarsdóttir.

Nýtt bókasafnskerfi hefur verið í undirbúningi um all langt skeið hjá Landskerfi bókasafna. Starfsfólk aðfanga og skráningar tók mikinn þátt í þarfagreiningu og mati á kerfum í byrjun verkefnisins. Í kjölfar útboðs var ákveðið var að ganga að tilboði Innovative um Sierra kerfið og Inspire leitargáttina Mikil vinna fór í greiningu á bókfræðilegum lýsigögnum og ákvörðunum um hvernig þeim yrði best fyrir komið í nýju kerfi. Eins var mikið lagt í uppsetningu kerfisins og verkferla sem voru gerbreyttir. Sú vinna var að mestu unnin fyrir gýg, þar sem fyrirtækið ExLibris sem bauð Alma kerfið og PrimoVE leitarvélina, keypti Innovative-fyrirtækið í lok árs og ákváðu að þróa ekki áfram nýja

leitarviðmótið, en það var ein forsenda upphaflegu kaupanna. Liður í undir-búningsvinnunni voru tiltektir í aðfanga- og skráningargögnum. Sú vinna nýtist þegar gögn verða flutt í nýtt kerfi. Önnur stór tiltekt var í tengslum við viðværar gagnabreytingar vegna innleiðingar RDA skráningarreglnanna árið 2016. Þessar breytingar náðu yfir nær öll bókfræðigögn í Gegni og fólust m.a. í „klónun“ á færslum fyrir rafrænt efni. Þar þurfti að laga ýmislegt sem ekki var hægt að gera kerfislega forsögn fyrir.

Sviðsstjóri aðfangasviðs sótti fund NNG, (Nordic Networking Group on bibliographic and infrastructure topics), sem haldinn var í Danmarks Biblioteks Central

í Kaupmannahöfn í apríl. Landskerfi bókasafna er einnig þátttakandi í NNG, sem er samstarfsvettvangur þjóðbókasafna Norðurlandanna um bókasafnskerfi, bókfræðigögn (lýsigögn), skráningarreglur, skráningarsnið og staðla. Markmið samtakanna er að samnýta lýsigögn og skiptast á upplýsingum. Flestir aðilar NNG eru að skoða ný bókasafnskerfi eða hafa nýlega innleitt slík kerfi. Flest bókasafnanna leggja mikla áherslu á að vera í fararbroddi um þróun Linked Open Data verkefna (LOD) og mörg slík eru í vinnslu á vegum þeirra. Bókfræðileg lýsigögn sænska þjóðbókasafnsins eru t.a.m. öll á LOD gagnasniði. Finnar stefna einnig í sömu átt og eiga í miklu samstarfi við minja- og skjalasöfn. Flestir þessir aðilar vinna að sameiginlegri nafnmyndaskrá yfir mannanöfn á LOD-sniði. Sviðsstjóri sótti einnig ráðstefnu í Hamborg sem fjallaði um LOD verkefni af margvíslegu tagi. Starfsmenn sviðsins sjá um kennslu tveggja námskeiða í upplýsingafræði við HÍ, skipulagningu þekkingar (flokkun og efnisorð) og bókfræðilega skráningu og lýsigögn. Bæði námskeiðin voru kennd í fjar-kennslu. Einnig kenna starfsmenn sviðsins nýjum skrásetjurum á skráningarþátt Gagnis á vegum Landskerfis bókasafna, en gæðastjóri Gagnis er í forsvari.

Aðföng og gjafir

Helstu verkefni aðfangahóps eru kaup á gögnum fyrir safnið og HÍ, s.s. pöntun, móttaka og aðfangaskráning. Auk þess sér faghópurinn um móttöku og aðfangaskráningu gjafa. Söfnun og greining á tölfræðigögnum er stór þáttur í starfseminni. Bókavalsþingur sér um val á bókum sem keyptar eru fyrir sjóði safnsins, t.d. bækur íslenskra höfunda sem þýddar hafa verið á erlend tungumál og annað efni sem fjallar um Ísland og ekki berst í skylduskilum (Islandica Extranea). Náin samvinna er við Landskerfi bókasafna um þróun og viðhald aðfangapátta Gagnis.

Hugvísindasvið, Félagsvísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ héldu áfram að nýta fjármagn sem ætlað er til uppbyggingar rannsóknarinnviða til að auka aðgengi að rafbókum og tímaritum. Í samstarfi Lbs-Hbs og sviðanna þriggja var endurnýjaður samningur við Cambridge University Press. Hugvísindasvið endurnýjaði samninga við Oxford University Press, Springer og Taylor & Francis. Alls veita þessir samningar aðgang að um 55 þúsund rafbókum, mest á sviði hug- og félagsvísinda. Í flestum tilfellum er um s.k. EBA aðföng (Evidence Based Acquisition) að ræða þar sem opnað er fyrir mikinn fjölda bóka og í lok samningsárs velja kaupendur bækur til eignar. Einnig er um áskriftir og bein kaup að ræða. Hugvísindasvið keypti einnig *Social Sciences & Humanities Library* frá Taylor & Francis, eða tæplega 1500 rafræn tímarit.

Gagnakaup safnsins og Háskóla Íslands

Lbs-Hbs varði til gagnakaupa á árinu 2019 um 18.9 milljónum króna sem skiptast þannig:

Gagnakaup Lbs-Hbs m.kr.	2018	2019
Bækur	4.9	4.7
Tímarit	4.5	5.5
Tón- og myndefni	0.6	0.7
Landsaðgangur	4.1	4.2
Rafrænar séráskriftir*	2.9	3.8
Alls	17.0	18.9

*2019 var byrjað að bókfæra rafræna áskrift að Mbl. með rafrænu áskriftunum. Hafði áður verið bókfært með tímaritum.

Fjárveiting frá fræðasviðum og/eða einstökum deildum Háskóla Íslands til safnsins vegna kaupa á bókum, tímaritum og gagnagrunnum á árinu 2019 var sem hér segir:

Fjárveiting sviða HÍ m.kr.	2018	2019
Félagsvísindasvið	12.9	14.0
Heilbrigðisvísindasvið	3.2	2.8
Hugvísindasvið	9.0	9.0
Menntavísindasvið	0.5	0.6
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	14.8	11.2
Alls	40.4	37.6

Landspítali - Háskólasjúkrahús kaupir efni fyrir heilbrigðisvísindasvið, og menntavísindasvið sér um innkaup fyrir sitt bókasafn, en bæði sviðin taka þátt í greiðslu rafrænna séráskrifta sem eru í áskrift hjá Lbs.-Hbs. Heildarinnkaup safnsins fyrir HÍ voru tæpar 39.9 millj. kr., sem eru um 2.3 millj. kr. hærri upphæð en áætluð fjárveiting fræðasviða og/eða deilda HÍ. Hækkunin helgast fyrst og fremst af óhagstæðu gengi krónunnar á árinu, auk þess sem nýjar tímarita-áskriftir í rafrænu formi voru keyptar. Þessum fjármunum var ráðstafað í náinni samvinnu við háskólakennara og /eða bókasafnsfulltrúa deildanna og skiptist í:

Gagnakaup sviða HÍ m. kr.	2018	2019
Bækur og myndefni	8.0	8.5
Tímarit	8.9	9.8
Rafrænar séráskriftir	18.6	21.6
Alls	35.5	39.9

Auk þessa greiddi Háskóli Íslands miðlægt vegna Landsaðgangs að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum og fyrir rafrænar séráskriftir að gagnasöfnunum *JSTOR*, *Science Citation Report*, *CSA* og *Scopus*.

Miðlæg gagnakaup HÍ m.kr.	2018	2019
Landsaðgangur	39.6	39.4
Rafrænar séráskriftir	6.2	11.3
Alls	45.8	50.7

Gjafir

Safninu bárust margar gjafir á árinu frá einstaklingum og félgasamtökum. Þá fær safnið reglulega bókagjafir frá innlendum og erlendum stofnunum og á árinu bárust meðal annars bækur frá menningar- og ferðamálaráðuneyti Beijing í Kína, Ungverska menningarfélaginu á Íslandi og Indverska sendiráðinu. Samkvæmt samstarfssamningi við Miðstöð íslenskra bókmennta fær safnið eintök af þeim þýðingum íslenskra bókmennta sem Miðstöðin styrkir og barst safninu fjöldi nýrra þýðinga á árinu.

Skylduskil

Í skylduskilum er unnið að móttöku, innheimtu og ráðstöfun nýs íslensks efnis skv. lögum um skylduskil. Þá er unnið að frágangi og aðfangaskráningu eldra efnis sem berst og reynt að útvega það sem á vantar, hvort sem um er að ræða bækur, tímarit eða annað efni, ápreifanlegt eða stafrænt. Haldið er saman tölulegum upplýsingum um blöð, tímarit, ársskýrslur, smælki og fleira (sjá töflu 3.2.2). Ennfremur eru sendar upplýsingar til Hagstofu Íslands um blaða- og tímaritaútgáfuna, tegundir hennar og tíðni eftir efni.

Rafhlaðan

Aðferðir við söfnun og varðveislu efnis sem verður til stafrænt eru í sífelldri þróun og starfsfólk safnsins reynir að tileinka sér nýja þekkingu. Rafrænn hluti skylduskila fer vaxandi svo sem söfnun efnis og móttaka þess og val á vefsíðum sem vefsafnanir eiga að ná til. Rafrænt efni er annars vegar aðgengilegt í *rafhladan.is* sem er varðveislusafn fyrir útgefið íslenskt efni sem verður til stafrænt, eða á *tímarit.is*, sem hýsir bæði stafrænt efni og stafrænar endurgerðir. Lýsigögn verkanna í Rafhlöðunni eru afrituð úr Gegni með vélrænum hætti og efnið er ýmist sótt af starfsfólki safnsins eða að stofnanir, einstaklingar og fyrirtæki senda inn efni. Í safninu voru 15.545 eining í lok árs.

Vefsafnanir

Íslenskum vefsíðum er safnað reglulega í vefsafn.is. Enn sem fyrr er safnað þrisvar á ári öllu sem er á léninu .is ásamt völdum erlendum lénnum. Sömuleiðis eru gerðar vikulegar safnanir, einkum af síðum miðla sem breytast ört. Fjöldi vefja í reglulegri söfnun eru um níutíu. Þá er og safnað efni af öðrum lénnum en .is, einkum efni er varðar Ísland og Íslendinga erlendis. Slíkar slóðir voru 2.561 um áramót. Nú eru rúmlega

4.75 milljarðar skjala í safninu sem samtals nema um 112 terabæt. Fjöldi vefsetra sem tilheyra .is voru í árslok rúmlega 69 þúsund.

Innheimta og gjafir

Eins og áður voru keyrðir listar úr Gegni til að fylgjast með útgáfu sem önnur söfn eiga, en Lbs-Hbs ekki. Einnig er fylgst með bókafréttum í dagblöðum, *Bókatíðindum*, fréttum og á netinu til að hafa upp á efni, bæði prentuðu og á rafrænu formi, sem og hljóðefni. Þá berast oft ábendingar um rit sem vantar. Prentun íslenskra rita erlendis fer sífellt vaxandi. Skilin hafa því færst að nokkru frá íslenskum prentsmiðjunum til útgefenda. Hringingar og tölvupóstar eru helstu innheimtuaðferðir. Reglulega er sótt til ákveðinna prentsmiðja og útgefenda sem þess hafa óskað, til að liðka fyrir skilum. Nokkuð barst af íslensku efni að gjöf frá einstaklingum og stofnunum, mismikið að vexti.

Tímarit og greiniskráning

Tímaritahald sér um innkaup, skráningu og umsýslu tímarita safnsins og Háskóla Íslands. Ákvarðanir um hvaða efni er keypt fyrir skólann eru að mestu hjá kennurum og miðast við það fé sem einstakar deildir ákveða til ritakaupa. Á árinu 2019 voru 358 tímaritaáskriftir greiddar af HÍ og 292 af ritakaupafé safnsins, samtals 650 titlar. Að auki koma enn mörg tímarit að gjöf, en þeim fer fækkandi. Umsjón með skráningu tímaritsgreina í Gegni er einnig í höndum faghópsins sem og skráning og umsýsla ársskýrslna. Um 165 tímarit eru greiniskráð að staðaldri í Gegni og um skráninguna sjá 11 aðildarsöfn Gegnis, hvert eftir sínu fræða- eða áhugasviði. Af þeim sér Lbs-Hbs um greiniskráningu um 130 titla. Huga þarf að samræmi við skráningu á *tímarit.is*, en greiniskráning í Gegni er forsenda þess að titlar greina birtist rétt á *tímarit.is*. Unnið er að grisjun eldri erlendra tímarita í geymslum safnsins.

Finna tímarit

Skráin um rafræn tímarit, *Finna tímarit* frá ExLibris, er notuð af öllum háskólasöfnum í landinu. Í skránni eru tenglar við rafræn tímarit, bæði þau sem eru í Landsaðgangi og í séráskriftum háskóla, auk fjölda tímarita sem eru í opnum aðgangi. Samtals eru þar um 30 þúsund titlar.

Alþjóðlegt bóknúmer ISBN

Úthlutað var 77 númeraröðum á árinu og 173 stökum númerum. Heildarskrá yfir íslenska útgefendur, sem send var til alþjóðaskrifstofunnar í júlí, inniheldur 5.509 færslur að meðtöldum upplýsingum um einstaklinga sem fá stök ISBN númer.

Alþjóðlegt tímaritsnúmer ISSN

Úthlutað var 124 ISSN númerum á árinu, að meirihluta fyrir tímarit í stafrænni endurgerð á *timarit.is*. Heildarfjöldi færslna fyrir íslensk tímarit í ISSN skránni var um áramót 3.419 færslur.

Alþjóðlegt nótnúmer ISMN

Úthlutað var 1 númeraröð og 8 stökum ISMN númerum á árinu. Frá upphafi hefur verið úthlutað 25 númeraröðum og 40 stökum númerum. Skrá yfir íslenska útgefendur sem send var til alþjóðaskrifstofunnar í júlí inniheldur 49 færslur.

Bókaskráning

Meginverkefni faghópsins er að flokka, efnisgreina og skrá það efni sem tekið er inn í Gegni, bæði prentað og rafrænt. Um er að ræða íslenskt efni sem berst í skylduskilum, efni sem keypt er fyrir safnið sjálft og fyrir Háskóla Íslands og bækur sem berast í gjöfum. Skráning á rafrænu efni fer sífellt vaxandi. Einnig eru skráðir kaflar eða greinar í íslenskum safnitum og úr erlendum bókum sem innihalda efni er varðar Ísland eða er eftir Íslendinga. Allir skrásetjarar taka þátt í því að greiniskrá úr tímaritum. Efnisorð eru sett á loka-ritgerðir frá HÍ sem varðveittar eru í Skemmuni, en um 2.700 nemendur útskrifuðust á árinu.

Tiltektafærni og lagfæringar

Á árinu var unnið að ýmsum lagfæringum og leiðréttingum í Gegni, m.a. vegna gagnabreytinga. Þá er árlega eitthvað um endurflokkun. Rafrænt efni sem hýst er í Rafhlöðunni er skráð jafnóðum. Tiltektafærni í geymslum Þjóðarabókhlöðu skiluðu heilmiklu efni til skráningar. Hluti af því fór í öskjur í Íslandssafni fyrir dægurprent. Þá var einnig gert átak í skráningu sérprenta. Kjalmerkingum var breytt á íslenskum ritum í 813, íslenskum skáldsögum. Nú er línurnar 3 á kjalmiðanum, þ.e. flokkstala, fyrstu 3 stafir í nafni höfundar og fyrstu þrjú stafir í frumtitli. Þetta er til mikilla bóta fyrir notendur sem leita að tilteknu verki og auðveldar einnig uppröðun. Nú standa titlar saman hvort sem þeir eru á íslensku, dönsku eða japönsku.

Útgáfuskrá, bókfræðistjórn og gæðaeftirlit

Skrá um íslenska útgáfu er dregin úr Gegni og birt á *utgafuskra.is*. Skráin er uppfærð vikulega og bókfræðifærslur sem eiga að birtast eru kóðaðar og gögnin leiðrétt. Bókfræðileg stjórn Gegnis fer fram í svokölluðum nafnmyndagrundi og sú vinna er nær öll á hendi skrásetjara Lbs-Hbs. Í nafnmyndagrundi birtast tilvísanir mannanafna, landfræðiheita, stofnananafna og almennra efnisorða. Þar eru alnafnar aðgreindir og gerðar samræmdar nafnmyndir fyrir

sígild verk eins og Biblíuna og ýmis fornrit. Í byrjun árs var stofnaður vinnuhópur til að samræma efnisorð á barna- og unglingabókum. Hann kynnti niðurstöður sínar fyrir efnisorðaráði í apríl og í framhaldinu var efnisorðum breytt með með kerfiskeyrslum. Áfram var unnið að ýmsum verkefnum til að auka gæði og bæta leitarheimitur s.s. sameiningar á tvöföldum færslum, samræmdri skráningu ritraða, efnisorðavinnu og kóðun.

Skráningarþjónusta

Safnið býður nú upp á skráningarþjónustu gegn gjaldi fyrir söfn og stofnanir þar sem aðföng eru lítil. Í þjónustunni felst flokkun, skráning og tenging rita í Gegni. Einnig kjalmerking sé þess óskað. Nokkur söfn nýttu þessa þjónustu á árinu.

Hljóð- og myndskráning

Faghópurinn sér um skráningu efnis sem er á öðru formi en prentuðu. Meginviðfangsefnið er skráning hljóðrita og kvikmynda, en einnig eru skráðar nótur, hljóðbækur, rafbækur, spil og margmiðlunargögn. Þá sér hópurinn um að kóða bókfræðifærslur sem eiga að birtast á *utgafuskra.is*, fara yfir skráningu og leiðrétta gögn ef þess þarf.

Hljóðsafn

Unnið var að því að bæta upplýsingum í gamlar skráningarfærslur hljóðrita í Gegni og lagfæra vegna *hljodsafn.is*. Í hljóðsafni eru vistuð stafræn afrit af hljómplötum, diskum, snældum og vefútgáfu til varanlegrar varðveislu, en skráning í Gegni þarf að vera í samræmi við það efni sem skráð er í hljóðsafnið.

Kvikmyndir

Töluvert hefur borist af myndböndum í gjöfum til safnsins og hefur verið lögð áhersla á að uppfæra kóðasvið og skráningarfærslur á þessu efni svo færslurnar standist nútímakröfur og skráningareglur. Einnig var farið í tiltekt á gömlum VHS skráningarfærslum og erlendum færslum eytt ef ekkert eintak var eftir á söfnum landsins, auk þess sem færslur fyrir íslenskt efni fengu andlitslyftingu og skráð vöntun á eintök þar sem við átti.

Rafhlaðan

Faghópurinn hefur umsjón með skráningu í Rafhlöðuna, en þar er vistað efni sem gefið er út á rafrænu formi, einkum pdf-skjöl, epub og mobi. Efnið er að öllu jöfnu skráð í Gegni og færslan flutt yfir í Rafhlöðuna með vélrænni keyrslu. Hópurinn sér um að kóða bókfræðifærslur sem koma frá öðrum söfnum og eiga heima í Rafhlöðunni, en þessi vinna er unnin í

samstarfi við umsjónarmann Rafhlöðunnar í skylduskilum. Jafnframt er farið yfir skráningar á öllu rafrænu efni í Gegni og gögn leiðrétt ef þess þarf.

Gæðastjórn Gegnis

Gæðastjórn Gegnis er unnin í nánú samstarfi við Landskerfi bókasafna. Safnið á tvo fulltrúa í skráningarráði Gegnis, Helgu Kristínu Gunnarsdóttur og Hallfríði Hr. Kristjánsdóttur. Ragna Steinarsdóttir er fulltrúi safnsins í efnisorðaráði og er jafnframt ritstjóri efnisorða. Bæði ráðin starfa á vegum Landskerfis. Safnið á einnig tvo fulltrúa í gæðahópi Gegnis en hann gegnir lykilhlutverki við þróun og þegar kemur að prófunum á nýjum uppfærslum og útgáfum kerfisins, þ.m.t. *leitir.is*. Gæðastjóri og fagstjórar sjá um að svara erindum á netfanginu *gegnir@landsbokasafn.is*. Að meðaltali bárust 19 erindi á mánuði árið 2019. Gæðastjóri Gegnis er Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir.

Handbók skrásetjara Gegnis

Safnið heldur úti Handbók skrásetjara Gegnis (HASK), sem er veflægt vinnutæki allra skrásetjara landsins og er aðgengileg á vefnum *hask.landsbokasafn.is*. Gæðastjóri er ritstjóri handbókarinnar, en í ritstjórn sitja að auki fjórir skrásetjarar Landsbókasafns. Handbók skrásetjara er uppfærð reglulega í samræmi við alþjóðlegar skráningarreglur og staðla og ákvarðanir skráningarráðs. Handbókin var endurhönnuð í kjölfar innleiðingar á nýjum skráningarreglum, RDA, og hefur mikil vinna farið í að uppfæra innihald og leiðbeiningar. Árið 2019 voru m.a. allar leiðbeiningar um skráningu samkvæmt AACR2 skráningarreglum fjarlægðar af vefnum, enda ekki lengur leyfilegt að skrá samkvæmt þeim. Heimsóknir á vefinn á árinu voru tæplega 10.000 og flettingar tæplega 64.000.

Helstu verkefni ársins

Á árinu var unnið að því að aðlaga nafnmynda-skráningu í Gegni að RDA skráningarreglum, en þessi vinna felur meðal annars í sér að auðga nafnmyndafærslur, t.d. með því að bæta við upplýsingum um þjóðerni og móðurmál höfunda. Eins þurfti að endurskoða séríslensk frávík frá MARC21 gagnasniðinu, sem hafa verið notuð við nafnmyndaskráningu í Gegni hingað til. Með því að aðlaga nafnmynda-skráningu að RDA skráningarreglum vinnur nafnmyndagrunnurinn betur með öðrum gagnagrunnum og er tækur í alþjóðlega nafnmyndasamvinnu, t.d. með VIAF (Virtual International Authority File) sem flest þjóðbókasöfn heims eru aðilar að.

Mikil vinna var lögð í að undirbúa flutning á bókfræðigrunni Gegnis yfir í nýtt bókasafnskerfi. Bókfræðigögnin voru prófuð, greind og flokkuð og þau aðlöguð þannig að þeim mætti varpa yfir í nýtt kerfi. Þessu fylgdu miklar tiltektir og lagfæringar í Gegni, t.d. á kóðum í safnfærslum og eintakatengingum.

Fræðsla og alþjóðleg samvinna

Skilyrði fyrir skráningarleyfi í Gegni er að sótt sé þriggja daga námskeið sem haldið er reglulega á vegum Landskerfis. Eitt slíkt námskeið var haldið haustið 2019 og sá gæðastjóri Gegnis um kennsluna. Fræðslufundir fyrir skrásetjara eru að jafnaði haldnir einu sinni eða tvisvar á ári í Þjóðarbókhöðu og eiga starfsmenn skráningar og gæðastjóri Gegnis drjúgan þátt í mótun dagskrár og flutningi erinda. Árið 2019 var haldinn einn fræðslufundur og fluttu þrjú starfsmenn sviðsins erindi. Gæðastjóri sótti, ásamt Kristínu Lilju Björnsdóttur, starfsmanni sviðsins, norrænan samráðs- og fræðslufund um nýjungar í RDA í Helsinkí í september. Í framhaldi var settur á laggirnar vinnuhópur um ný hugtök í RDA skráningu og gæðastjóri tekur þátt í þeirri vinnu.



Frummælendur og tónlistarfólk á málþingi um Jón Árnason í Fellsborg á Skagatrönd 17. ágúst.

Varðveisla og stafræn endurgerð

Sviðið ber ábyrgð á varðveislu íslensks safnkosts, þ.e. handritum og einkaskjölum, sérsöfnum og öllu útgefnu íslensku efni skv. lögum um skylduskil, nema kvikmyndum, útvarps- og sjónvarpsfni. Sviðið hefur umsjón með forvörslu, bókbandi, umbúnaði, stafrænni endurgerð, útlánnum á lessal, ásamt annarri þjónustu við þá safngesti sem nota safnkostinn. Í lok ársins voru 21 starfsmenn, en ársverk voru 18,63, ellefu karlar og tíu konur. Sviðsstjóri er Örn Hrafnkelsson.

Forvarsla og bókband

Á viðgerðarstofu er unnið að forvörslu og viðgerðum á handritum og prentuðum ritum. Forvörður er einnig til ráðuneytis um og ber ábyrgð á viðhaldi, varðveislu og umbúnaði ritakostsins. Á undanförunum árum hefur vægi viðgerða og endurbands gamalla bóka úr eigu safnsins aukist til muna, en verulega dregið úr bókbandi á nýjum ritum. Árið 2019 störfuðu við safnið þrjú bókbindarar, þar af tveir í skertu starfshlutfalli og lét annar þeirra af störfum undir lok ársins. Nemi í

forvörslu var forverði til aðstoðar allt árið. Meginverkefni hennar var að bæta umbúnað handrita. Bókbandsverk 2019 voru 25.698 (22.586) einingar, sjá töflu 5.4.

Myndastofa

Stafræn endurgerð er fastur liður í starfsemi safnsins og árlega bætist við, en mismunandi eftir efnisflokkum. Í myndastofu er unnið að stafrænni endurgerð blaða, tímarita, bóka, handrita og annars efnis, myndatökum að beiðni notenda og vegna sýninga og viðburða í safninu. Eins og undanfarin ár voru tímarit meginhluti þess efnis sem myndað var á árinu. Teknar

voru 152.743 (100.770) myndir. Ítarlegri upplýsingar um myndað efni eru í töflu 5.5 í kafla um árstölur. Alls voru komnar um 5.47 milljónir mynda á *timarit.is*, en 73.400 þús. bls. bættust við á árinu. Á *bækur.is* var fjöldi rita orðinn 1.850 eða um 520 þús. bls. Á vefnum *handrit.is* eru alls um 2.590 mynduð handrit og þar af á Lbs-Hbs um 1.750 handrit og um 500 þús. bls. Á *islandskort.is* eru 786 kort frá árunum 1544-1951 og um 1050 útgáfur. *Íslensk bókaskrá 1534-1844* er tengd við *bækur.is*, þannig að nákvæmar bókfræðifærslur tengjast hverri bók. Nokkur kostuð verkefni voru unnin, aðallega tengd *timarit.is*, en sóst er eftir ritrýndum íslenskum tímaritum og tímaritum sem koma ekki lengur út. Sjá nánar töflu 5.5.

Handritasafn

Meginhlutverk er að annast söfnun, varðveislu, skráningu og rannsóknir íslenskra handrita og skjala sem ekki heyra undir lögbundin skil til Þjóðskjalasafns eða Héraðsskjalasafna. Starfsfólk skráir handrit og einkaskjalasöfn, annast kynningar fyrir nemendahópa, heldur erindi og ritar greinar, þjónustar safngesti á lessal, sinnir upplýsingaþjónustu, vinnur að sýningum og heldur úti síðu á Fésbók til að kynna starfseminu, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Útlán

Alls voru skráð 3.460 (5.602) útlán á lestrarsal, sem er fækkun frá síðasta ári. Að meðaltali voru lánuð rúmlega þrettán handrit hvern virkan dag.

Millisafnalán

Á árinu voru 57 handrit lánuð úr handritasafni (2 til Þjóðskjalasafns Íslands og 55 til Árnastofnunar) og þrettán að auki lánuð á sýningar utanhúss (10 á sýninguna *Sölvi Helgason: Blómsturheimar* á Kjarvalsstöðum og 3 sendibréf lánuð á sýninguna *Gerður Helgadóttir: Fullt af litlu fólki* í Gerðarsafni.

Til handritasafns bárust níu handrit í millisafnaláni, frá Héraðsskjalasafni Austur-Húnavatnssýslu, Héraðsskjalasafni Árneseinga og Árnastofnun. Auk þess voru bækur, ljósmyndir og munir lánaðir til safnsins frá Gljúfrasteini vegna sýningar um 100 ára höfundar-afmæli Halldórs Laxness.

Aðföng

Skráðar voru 94 afhendingar í aðfangabók á árinu, handrit og einkaskjalasöfn. Meðal aðfanga voru einkaskjalasöfn Helga Hjörvars útvarpsmanns og Rósu Daðadóttur, Erlu Stefánsdóttur sjáanda, Auðuns Braga Sveinssonar, bréf Jónasar Hallgrímssonar til J. Steenstrups, handrit úr fórum Hannesar Péturssonar rithöfundar, viðbót við áðurkomin gögn Einars Olgeirssonar stjórnámalamanns, einkaskjalasafn Aðalbjargar Jónsdóttur, tónverk Victors Urbancic, einkaskjalasafn

Soffíu Guðlaugsdóttur leikkonu, safn Félags um sögu Bessastaðaskóla, og einkaskjalasafn Ingibjargar Haraldsdóttur Þýðanda og leikstjóra svo fátt eitt sé nefnt. Ýmis rímnahandrit bárust árinu. Þá kom ýmis tiningur úr Góða hirðinum. Þar fyrir utan kom ýmislegt efni tengt Leikminjasafni Íslands á árinu, en starfsmaður á vegum þess hafði aðsetur í handritasafni og skráði einkaskjalasöfn.

Skráning

Skráningu í handritasafni má skipta í þrennt:

1. Skráning úr aðfangabók - handrit/einkaskjöl

Handrit – Áfram var unnið að skráningu úr aðfangabók eftir 1964. 39 handritum var bætt við óprentaða handritaskrá, bæði úr gömlum og nýjum aðföngum. Í árslok voru 1.631 handrit í skránni. Til samanburðar eru skráð 1.490 handrit í IV. aukabindi yfir handritasafn Lbs (1996). Hafa ber í huga að þó nokkur frátekin handritsnúmer eru í skránni frá fyrri árum, sem á eftir að fylla upp í. Af þessum 1.631 er búið að skrá 1.590 á vefinn *handrit.is*, en þar er handritum stundum skipt í hluta (a-b) sem eykur fjölda eininga sem skráðar eru. *Einkaskjöl* – Áfram var unnið að skrá yfir einkaskjalasöfn (NF-skrá) og voru færðar inn upplýsingar um skjalamyndara (fæðingar- og dánarár, stöðu, aðfangadagsetningu, umfang o.fl.). Þá var gengið frá einkaskjalasöfnum (skipt um umbúnað og gerð skrá o.fl.), s.s. safn Páls Ísólfssonar tónskálds og orgelleikara, Nönnu Ebbing, Helgu Jónsdóttur frá Ásólfstöðum, Tómasar Guðmundssonar skálds, Jórunnar Ragnheiðar Guðmundsdóttur kennara, Jarþrúðar Nikulásdóttur húsfreyju, Torfhildar Hólm rithöfundar, sr. Bjarna Þorsteinssonar, Helmut Neumann tónskálds, Péturs Halldórssonar borgarstjóra, Finnoga G. Lárussonar bónda, Bókaverslunar Sigfúsar Eymundssonar og Áslaugar Sveinsdóttur húsfreyju. Áfram var unnið að safni Gunnars Thoroddsen ráðherra og söfnum úr Leikminjasafni (sjá neðar).

2. Skráning á handrit.is

Haldið var áfram skráningu handrita úr prentuðum skrá á *handrit.is*. Á árinu 2019 var lögð áhersla á skráningu handrita úr Kaupmannahafnardeild Hins íslenska bókmenntafélags (ÍB) og safni Jóns Sigurðssonar (JS) og eru þau nú öll skráð á *handrit.is*. Þess verður að geta að fullnaðarskráningu á handritunum er ekki lokið. Þá voru skráð og mynduð ýmis handrit vegna tilfallandi pantana fræðimanna og gesta.

3. Nýskráning handrita og einkaskjala

Handrit – Þau handrit sem bárust til safnsins á árinu voru skráð í óprentaða handritaskrá og á *handrit.is*. *Einkaskjöl* – Þau einkaskjalasöfn sem bárust handritasafni á árinu hafa fengið bráðabrigðaskráningu í

aðfangabók og sum hver ítarlegri skráningu með rafrænum hætti sbr. Auðunn Bragi Sveinsson, Sigurður Hólmsteinn Jónsson, Friðrik Ásmundsson Brekkan o.fl. Í árslok 2019 höfðu 6.823 (6.333) (aukning: 490) verið skráð á *handrit.is*.

Myndun handrita

Á árinu voru mynduð 97 handrit og birt á *handrit.is*. Þetta voru 31 handrit vegna *Paper Trails* verkefnisins og sagt er frá hér að neðan; 35 handrit fyrir gesti; 16 handrit af ýmsum toga sem höfðu verið skráð til myndunar. Þá var lokið við að mynda öll handrit Magnúsar Jónssonar í Tjaldanesi, 5 voru mynduð í ár en í heildina eru þau 42. Einnig var lokið við að mynda handrit Sighvats Borgfirðings að *Prestaæfum*, 10 handrit voru mynduð í ár en í heildin eru þau 16 (sum í nokkrum bindum). Samtals eru mynduð handrit í árslok 2019: 1.750 (1.653) og samtals myndaðar blaðsíður í árslok: 498.177 (458.756) sem er aukning um 22.987 blaðsíður.

Heimsóknir og kynningar

Á árinu kom fjöldi háskólanema í heimsókn og fékk kynningu á sögu, hlutverki, skrá og safnkosti handritasafns. Einnig var kynning á munum úr fórum handritasafns í Safnahúsinu. Á Fésbókarsíðu handritasafns voru birtar ljósmyndir og kynningar á ýmsum gögnum, handritum, nýútkomnum bókum og viðburðum og var síðan með 1.571 fylgjendur í árslok 2019.

Rannsóknaverkefnið Paper Trails

Safnið tók áfram þátt í Rannísverkefninu *Paper Trails (Pappírsslóð rakin)* en það er í umsjón Þórunnar Sigurðardóttur hjá Árnastofnun. Jón Kristinn Einarsson var ráðinn í hlutastarf í verkefnið sem fólst í greiningu og skráningu á vatnsmerkjum í íslenskum handritum og bókum. 52 folio-handrit frá 17. öld voru greind, skráð og undirbúin fyrir vatnsmerkjamyndun. Í þeim fundust 281 vatnsmerki. Handritin voru skráð á vefinn *handrit.is* og myndun þeirra lokið. Við skráningu vatnsmerkja var stuðst við staðal frá The International Association of Paper Historians (IPH). Þá bættust nokkur handrit við verkefnið eftir að það hófst.

Sýningar

Gögn úr handritasafni voru notuð í eftirtöldum sýningum: *Jón Árnason. 200 ára afmæli*, sýningar-spjöld á Skagaströnd og sýning í Þjóðabókhöllu, *Að vera kjur eða fara burt?* (Barn náttúrunnar), *Sölvi Helgason: Blómsturheimar* á Kjarvalsstöðum, *Fullt af litlu fólki. Gerður Helgadóttir*, í Gerðarsafni.

Íslandssafn

Meginhlutverk Íslandssafns er að þaulsafna gögnum útgefnum á Íslandi í prentuðu formi eða á öðrum miðlum, búa í hendur notendum og varðveita handa

komandi kynslóðum, svo og að afla hliðstæðra gagna sem gefin eru út erlendis og varða Ísland og Íslendinga. Þar eru veittar upplýsingar og prentuð rit sótt fyrir notendur til afnota á lestrarsal. Meðal fastra verkefna hvers árs er að fara yfir safnkostinn og eldri ritum sem safninu hefur áskotnast bætt við. Einnig þarf að flokka og ganga frá svokölluðu dægurprenti s.s. bæklingum og auglýsingum sem sífellt bætist við. Samkvæmt eintaksupplýsingum úr Gegni voru strikamerkjæningar í Íslandssafni árið 2019 samtals 204.962 (201.254) og bættust 3.708 við á árinu.

Gestir Íslandssafns

Gestir á lestrarsal 1.h. árið 2018 voru 3.444 (3.892) skv. skráningu í gestabók. Gestum hefur heldur fækkað síðustu ár og má það m.a. rekja til þess að nú geta allir sótt sér þjónustu Íslandssafns og handritasafns á netinu í meira mæli en áður.

Stafræn endurgerð fyrir *timarit.is*

Í Íslandssafni er sífellt unnið að því að bæta við titlum tímarita og dagblaða á vefinn *timarit.is* en stefnt er að því að flest tímarit og dagblöð sem ekki eru lengur í útgáfu verði birt á vefnum. Jafnframt eru á hverju ári gerðir nokkrir samningar um stafræna endurgerð við útgefendur tímarita sem enn eru gefin út. Árið 2019 bættust 97 (42) tímaritstitlar við vefinn eða 147.092 (159.624) bls. Heildarfjöldi í árslok var 5.766.814 (5.619.722) bls.

Varaeintakasafn í Reykholti

Varaeintakasafn Íslandssafns er varðveitt í Reykholti og þar eru hýst varaeintök hvers árs af bókum, tímaritum, dagblöðum og dægurprenti. Varaeintök af tónlist, myndefni og tölvuefni er varðveitt í Þjóðar-bókhöllu. Í Reykholti er starfsmaður í hálfu starfi við að ganga frá því efni sem berst úr aðalsafni einu sinni á ári, venjulega að vori. Auk þess liggur þar töluverður forði af tímaritum og skýrslum frá því fyrir 2005, sem ekki hefur verið eintakstengdur. Þegar gengið hefur verið frá sendingu hvers árs, er unnið við að eintakstengja og raða þessu efni.

Ritakaup og gjafir

Íslandssafni ber að hafa uppi á efni sem gefið er út erlendis og varða Ísland og Íslendinga og afla þess. Á það bæði við um prent og annað útgefið efni. Oftast þarf að kaupa þessi verk og þau eru talin með öðrum ritakaupum. Reynt er að fylla í eyður og var unnið úr gjöfum sem borist hafa Einnig var nokkuð um að starfsmenn Íslandssafns fóru í bókasöfn stofnana og fyrirtækja þar sem verið var að leggja þau niður og fóru í gegnum safnkost þeirra og tóku inn á Íslandssafn eða varaeintakasafn það sem vantaði þar.

Seðlabanki Íslands

Á árinu var byrjað að taka á móti efni úr bókasafni Seðlabanka Íslands, en um er að ræða safn prentaðra bóka, gamalla Íslandskorta, safn íslenskra blaða og tímarita, safn smáprenta stjórnmalaflokka og safn ævi- og erfiminninga. Áður hefur Seðlabanki Íslands afhent Landsbókasafni safn erlendra ferðabóka og náttúrufræðiritu um Ísland. Hið afhenta er nú eign Lbs-Hbs og verður í nokkrum tilfellum varðveitt sem sérstakar safndeildir innan safnsins. Annað verður notað til að fylla upp í safnkostinn eða skipta út snjádum og slitnum eintökum í safninu, eða ráðstafað með öðrum hætti.

Annað

Í mars fór starfsfólk frá Íslandssafni, skylduskilum og varðveislusviði í heimsókn á Amtbókasafnið á Akureyri til að kynna sér starfsemina þar og þá einkum þann hluta sem snýr að varðveislu. Í kjölfarið kom starfsmaður frá þeim og kynnti sér starfsemi í Þjóðarbókhöfuð og þá einkum hina nýju uppröðun á aðföngum sem tekin var upp 2018.

Starfsfólk Íslandssafns kom að uppsetningu á sýningu í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Árnasonar. Það tók einnig þátt í átaksverkefni ásamt starfsfólki þjónustu- og aðfangasviðs sem fólst í því að vinna úr bókum í fjargeymslu safnsins í Mjóddinni. Farið var í gegnum gamlar bókaagjafir og töluvert magn af bókum var tekið inn í safnið. Þessu til viðbótar sinnti starfsfólk Íslandssafns fyrirspurnum, útlánum, gestum á lessal, þéttingu safnskost, frágangi á gögnum o.s.frv.

Sérsöfn

Hlutverk einingarinnar er að halda utan um ýmis sérsöfn og veita aðgang að þeim auk annarra verkefna.

Sérsöfn	2017	2018	2019
Benediktssafn	7.567	7.570	7.570
Bókbindarasafn	235	318	366
Bókminjasafn	862	938	942
Bókverkasafn	224	410	494
Davíðssafn	892	892	892
Einarssafn	766	766	766
Erlent fágæti	10.285	10.301	10.315
Fiskasafn	1.236	1.237	1.239
Johnsenssafn	97	97	97
Steffenssafn	7.079	7.111	7.203
Kortasafn	2.124	2.132	2.154
Kristmannssafn	221	221	224
Laxnesssafn	1.052	1.062	1.083
Lárusarsafn	587	587	587
Nonnasafn	737	738	741
Ragnar Þorsteinsson	1.296	1.296	1.296
Ferðabókasafn Seðlabanka	2.805	2.805	2.805

Sérsöfn	2017	2018	2019
Safnahús	54	54	54
Sænska safnið	1.785	1.785	1.785
Watsonsafn	1.287	1.287	1.285
Þorsteinssafn	1.860	1.764	1.766
Samtals	43.051	43.371	43.664

Skilgreind sérsöfn eru 21 og eru þau misstór, sbr. töflu sem er unnin úr Gegni um fjölda eintaka í hverju safni. Eitt af helstu verkefnum ársins var frágangur og ítarskráning fornra íslenskra bóka til myndunar fyrir *bækur.is*. Í árslok 2019 voru 2.038 (1.688) titlar aðgengilegir í 2.510 (2.106) bindum, samtals 516.986 (480.071) bls. Lokið er við að mynda allt prentað efni til ársins 1844 og vinna við nýrra efni hafin.

Kortasafn Seðlabanka Íslands (um 350 kort) var afhent safninu til varðveislu. Það verður geymt sem sérstök eining innan kortasafns.

Úthlutað var í áttunda sinn úr Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar Sigurðardóttur og Haraldar Sigurðssonar á vegum Rannís. Markmið sjóðsins er að veita styrki til eflingar rannsókna á korta- og landfræðisögu Íslands og íslenskri bókfræði og stuðla að útgáfu rita um þau efni. Umsóknir voru tólf, og hlutu fjórar styrk (sjá bls. 13).

Umsjónarmaður sérsafna fór í tveggja vikna rannsóknarleyfi til Kaupmannahafnar þar sem hann dvaldi á Konungsbókhöfuð og skoðaði bækur sem tengjast Íslandi. Hann flutti erindi um kortasafnið á ráðstefnunni *Representations of the West Nordic Isles. Greenland – Iceland – Faroe Islands* í Eutin í Þýskalandi í september.

Kvennasögusafn

Kvennasögusafn Íslands sem var stofnað 1. janúar 1975 varð hluti af Lbs-Hbs árið 1996 og flutti þá í Þjóðarbókhöfuð. Í stjórnarnefnd voru Ragnheiður Kristjánsdóttir af hálfu RIKK, Vilborg Eiríksdóttir af hálfu Kvenfélagasambands Íslands og Bragi Þorgrímur Ólafsson af hálfu Lbs-Hbs.

Fyrirspurnir og heimsóknir

Skráðar voru 152 (221) fyrirspurnir, sem bárust á árinu eftir ýmsum leiðum; símleiðis, í tölvupósti, heimsóknnum og gegnum samfélagsmiðla. Þar af voru 20 (43) karlar og 132 (178) konur. Flestar fyrirspurnir koma frá Íslendingum. Yfirleitt voru það fjölmiðlar í leit að upplýsingum um jafnréttissögu Íslands. Í gestabók rituðu 132 (119) einstaklingar. 47 (31) fengu gögn í lán á lestrarsal, 5 (8) karlar og 42 (23) konur. Þá voru um 172 útlán gagna á lessal samkvæmt talningu Gegnis. Áfram er unnið við að strikamerkja safnkostinn, svo útlán á gögnum Kvennasögusafns verði betur skráð.

Aðföng og skráning

Alls voru 16 einkaskjalasöfn afhent á árinu en auk þess komu aðrar gjafir s.s bækur, tímarit, ljósmyndir og einstaka munir. Af nýjum söfnum á nefna skjöl Ljós-mæðrafélagsins sem fagnaði aldarafmæli, bréfasafn Sigrúnar Guðbrandsdóttur kennara, einkaskjalasöfn Bryndísar Steinþórsdóttur kennara og Rannveigar Tómasdóttur höfundar. Þá bættist við í safn Rauðsokkahreyfingarinnar. Ítarlegri lista yfir afhendingar ásamt upplýsingum um flest skjalasöfn sem eru varðveitt á Kvennasögusafni má finna á vefnum *kvennasogusafn.is*. Einkaskjöl eru einnig skráð á vefinn *einkaskjol.is*.

Vefir og samfélagsmiðlar

Kvennasögusafn heldur úti vefnum *kvennasogusafn.is* og sér um síðu á Fésbók og og er með Twitter reikning. Í lok árs voru 1.924 sem líkuðu við síðuna og Twitter fylgjendur voru 363. Vinsælasta færslan á samfélagsmiðlum var tengd kvennafrídeginum 1975. Á vefnum *bækur.is* voru bækur Önnu Sigurðardóttur, sem og bækur tengdar Ljós-mæðrafélagi Íslands gerðar aðgengilegar.

Sýningar

Í tilefni af 100 ára afmæli Ljós-mæðrafélags Íslands var opnuð sýningin *Við tökum vel á móti þér* á degi ljós-mæðra, sunnudaginn 5. maí. Ljós-mæðrafélagið Íslands stóð að sýningunni í samstarfi við Kvennasögusafn og Lbs-Hbs. Við opnun sýningarinnar afhenti félagið skjalasafn sitt til varðveislu.

Kynjaþing

Kynjaþing var haldið í annað sinn af Kvenréttindafélagi Íslands 2. nóv. í Norræna húsinu. Dagskráin var skipulögð af félagasamtökum og grasrótarsamtökum og hugmyndin er sú að auka samræður milli þeirra sem er annt um jafnrétti í heiminum og gefa almenningi tækifæri til að kynna þá helsta sem er að gerast í femínískri umræðu. Ragnhildur Hólmgeirsdóttur setti upp örsýninguna *Hvenær verða baráttumál að baráttusögu?* í anddyri hússins og kynnti starfsemi Kvennasögusafns.

Morgunkaffi

Þann 5. desember 2019 hélt Kvennasögusafn morgunkaffi í samvinnu við Kvenréttindafélag Íslands í fyrirlestrarsal. Ragnhildur Hólmgeirsdóttir opnaði fundinn og Arnheiður Steinþórsdóttir, MA-nemi í sagnfræði, kynnti lokaritgerð sína úr grunnnámi: *Þegar konur lögðu undir sig útvarpið*. Hún byggir meðal annars á nokkrum útvarpserindum sem varðveitt eru í Kvennasögusafni. Anna Dröfn Ágústsdóttir og Lóa Auðunsdóttir frá Listaháskóla Íslands, kynntu rannsóknarverkefnið *Ásýnd íslenskrar kvennabaráttu*

en í fyrsta hluta rannsóknarinnar, sem unninn var á Kvennasögusafni, var sjónum beint að baráttumyndmáli Rauðsokkanna. Margrét Aðalheiður Þorgeirsdóttir, útskriftarnemandi frá grafískri hönnun, vann að því verkefni með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Tatjana Latinovic, formaður Kvenréttindafélags Íslands, lokaði fundinum, sem var vel sóttur.

Norrænt samstarf

Kvennasögusafn Íslands er í nánum tengslum við NIKK, Nordisk Information för Kunskap om Kön, sem hefur aðsetur í Gautaborg. NIKK er ein af stofnunum Norðurlandaráðs. Það kallar saman fulltrúa kvennasögusafna og upplýsingastöðva á Norðurlöndum til árlegra funda. Söfnin hafa með sér óformlegan félagskap NING (Nordic Information Network Gender). Í ár var fundurinn haldinn í Þjóðarbókhöllu þann 23. maí, á vegum Kvennasögusafns og Jafnréttisstofu.

Hljóð- og myndsafn

Í hljóð- og myndsafni er unnið að söfnun, varðveislu, afritun og miðlun á hljóðrituðum íslenskum menningararfi og söfnun heimilda um íslenska tónmenningu. Innan hljóð- og myndsafns eru starfræktar eftirtaldar einingar: tónlistarsafn Íslands, tón- og myndsafn og miðstöð munnlegrar sögu.

Tónlistarsafn Íslands

Hlutverk tónlistarsafns er að safna tónlistartengdum minjum í íslensku samfélagi, skrá þær og gera aðgengilegar til rannsókna. Þá vinnur safnið að því að afla heimilda í formi viðtala og frumupptaka sem eru í varveislu einstaklinga og stofnana. Mikið starf felst í yfirfærslu af eldri upptökum í stafrænt form, og að afla og viðhalda tækjum sem geta spilað hin margvíslegu eldri hljóð- og myndsníð. Þá hefur tónlistarsafn séð um upptök á ýmsum viðburðum í Þjóðarbókhöllu og unnið heimildamyndbönd um sýningar og upptök af fundum og fyrirlestrum til birtingar á YouTube síðu safnsins.

Nokkur aukning hefur orðið í afhendingu gagna til tónlistarsafns, einkum vegna þess að samfélagið er að átta sig á starfsemi safnsins eftir að það flutti í Lbs-Hbs og að áfram er tekið við tónlistartengdum heimildum til varðveislu.

Meðal nýrra afhendinga má nefna gögn Egils Ólafssonar tónlistarmanns og þar á meðal efni sem tengist hljómsveitinni Stuðmenn, bréfasafn og upptökur Áskels Snorrasonar tónskálds og tónlistarmanns á Akureyri, efni frá Atla Ólafssyni sem var með stúdíó á Laugavegi 34 og margvíslegt efni frá Ingibjörgu Þorbergs dagskrárgerðar- og tónlistarkonu. Hljóðefnið hefur verið afritað á stafrænt form.

Um mitt ár var tekið á móti u.þ.b. 220 hillumetrum af frumupptökum íslenskrar tónlistar frá útgáfufyrirtækinu Alda Music. Safnið hefur að geyma hljóðversupptökur frá ýmsum útgáfufyrirtækjum fyrri ára. Gerður var varðveislusamningu við fyrirtækið og ráðinn starfsmaður við frágang og skráningu á efninu. Verkefnið er upphaf að samstarfsverkefni safnsins og hagsmunaaðila um varðveislu á frumupptökum íslenskrar tónlistar.

Tónlistarsafnið gegnir fjölbreyttu hlutverki í starfsemi Lbs-Hbs, en auk þess að safna, skrá og miðla gögnum var unnið að endurgerð á vefsíðu safnsins. Einnig var unnið að uppsetningu á FotoStation þar sem margvísleg stafræn gögn safnsins verða varðveitt, en þaðan má miðla þeim áfram í hin ýmsu verkefni. Þá er unnið að breytingu og endurnýjun á vefnum *ismus.is* sem er gagnagrunnur fyrir skráningu á íslensku tónlistarfólki, tónlistarhópum og stofnunum. Stefnt er að því að miðlun heimilda á þeirri síðu verði umfangsmeiri en hingað til.

Stöðugt er unnið að afritun á íslenskum 78 snúninga hljómplötum og eru um tveir þriðju hlutar þeirra þegar komnir á stafrænt form. Unnið er að skráningu í Gegni og munu skráningarfærslur birtast í nýju *hljodsafn.is* sem unnið er að endurforritun á.

Vaxandi samstarf hefur verið við ýmis söfn og stofnanir og má þar helst nefna RÚV. Fjöldi „aukakeintaka“ af 78 snúninga plötum hafa komið þaðan til að fylla inn í safnkostinn, bæði af betri eintökum svo og þeim sem ekki voru til. Þá hefur komið til varðveislu mikið af efni sem útvarpinu hefur borist, en einnig vinnuefni fyrrverandi starfsmanna. Þar má nefna viðtöl og frumefni sem Pétur Pétursson útvarpsmaður vann á vegum útvarpsins og er bæði á spólum og kassetum. Það var aðeins notað að hluta í dagskrárgerð hans. Efnið hefur allt verið afritað í stafrænt form.

Tón- og myndsafn

Meginhlutverk tón- og myndsafns er að þaulsafna, varðveita og veita aðgang að útgefnum íslenskum hljóðritum og myndefni sem gefið er út á Íslandi og safna eftir megni hljóðritum og myndefni sem Íslendingar eiga aðild að og gefið er út erlendis. Safnkosturinn er að mestum hluta varðveisluefni fengið í skylduskilum, s.s. íslensk hljóðrit (tónlist og hljóðbækur) og kvikmyndir, en hluti safnkostsins er keypt efni, s.s. hljóðrit Íslendinga sem gefin eru út erlendis, erlendar kvikmyndir sem Íslendingar eiga aðild að og erlendar kvikmyndir ætlaðar háskólanemum. Í tón- og myndsafni er aðstaða til að hlusta á hljóðrit og skoða myndefni og einnig er úrval af nótnaheftum til útláns, auk raddskráa og handbóka til notkunar á staðnum.

Aðföng

Margar gjafir bárust á árinu, bæði hljóðrit og myndefni, s.s. hljóðritasafn Sigurjóns Samúelssonar á Hrafnabjörgum, sem hefur m.a. að geyma 2.702 íslensk hljóðrit, að langmestum hluta 78 snúninga hljómplötur. Frá RÚV voru tekin inn í safnið 120 hljóðrit, mest geisladiskar. Oddgeir Eysteinnsson gaf safninu 57 hljóðrit og 9 mynddiska auk fjölda hljóðrita sem send voru í Amtsbókasafnið á Akureyri til varðveislu. Einnig bárust að gjöf hljóðrit úr búi Ingibjargar Þorbergs og Bókasafn Garðabæjar gaf myndbönd og hljómdiska, alls 30 eintök.

Kjörgripur mánaðarins

Í tengslum við sýninguna um Sigurjón á Hrafnabjörgum var kjörgripur febrúarmánaðar lag af 78 snúninga hljómplötu úr safni hans – *Hliðin mín fríða* í flutningi Sigurðar Skagfield í útgáfu frá árinu 1926. Kjörgripur í desember var lagið *Det kimer nu til julefest* sungið af Elsu Sigfúss í útgáfu frá árinu 1958.

Sýningar

Sýning um Sigurjón Samúelsson á Hrafnabjörgum var opnuð 6. febrúar í tilefni af því að hljóðritasafn hans var afhent safninu til varðveislu. Af því tilefni ræddi Eiríkur Guðmundsson við Ólaf Engilbertsson og Bryndís Vilbergsdóttur í þættinum Lestinni á Rás 1 í RÚV.

Hljóðsafn.is

Á vefnum *hljodsafn.is* er aðgangur að stafrænum afritum af hljómplötum, snældum, geisladiskum, og vefútgáfu. Tilgangurinn er að varðveita íslenska hljóðritaútgáfu til frambúðar og bæta aðgang að hljóðritum safnsins. Hægt er að hlusta á hljóðrit í höfundarrétti á 4.h. eða á 25 sekúndna hljóðdæmi á netinu, en efni sem komið er úr höfundarrétti er í opnum aðgangi.

Í árslok voru aðgengileg á *hljodsafn.is* afrit af geisladiskum frá fyrstu 12 árum íslensku útgáfunnar (1987–98) á því formi. Einnig nýrri útgáfa, en jafnt og þétt bætist í safnið. Í árslok voru 42.623 (37.938) hljóðskrár í *hljóðsafn.is* og þar af voru 652 (620) í opnum aðgangi (tónlist komin úr höfundarrétti eða viðtöl úr Miðstöð munnlegrar sögu) og skiptast þannig:

Fjöldi hljóðskráa á Hljóðsafn.is	2018	2019
Af geisladiskum	32.354	35.236
Af netinu	2.662	4.363
Af 78 snúninga hljómplötum	655	655
Af 45 snúninga hljómplötum	9	9
Af 33 snúninga hljómplötum	93	96
Af snældum	1.776	1.872
Frá Miðstöð munnlegrar sögu	389	389
Samtals	37.938	42.623

Miðstöð munnlegrar sögu

Hlutverk miðstöðvarinnar er að safna munnlegum heimildum um sögu lands og þjóðar, varðveita þær, skrá og gera aðgengilegar. Miðstöðinni er ætlað að efla munnlega sögu sem aðferð í sagnfræði og standa fyrir fræðilegri umræðu um munnlega sögu. Í safni miðstöðvarinnar voru 155 söfn í árslok og og bættust 10 einingar í safnið á árinu. Af áhugaverðum aðföngum má nefna: safn stuttra innslaga, að stærstum hluta upplestur úr einkabréfum úr handritasafni, sem tekin voru saman í samvinnu RÚV og Lbs-Hbs og flutt í útvarpinu til að minnast atburða ársins 1918, segulbandasafn Péturs Péturs-sonar útvarpsþular, sem er 411 segulbandsspólur, um 20 snældur, smásnælda og VHS-spóla. Mest tengjast hljóðritin Suðurgötu- eða drengsmálinu svonefnda frá því um 1920. Þá eru upptökur á silfurplötum og stálpræði frá hljóðveri sem Hljóðfærahus Reykjavíkur rak um 1934 og viðtal Leifs Reynissonar við Sigurð Pálsson skáld um stúdentauppreisnina í París. Unnið er jöfnum höndum við afritun eldri aðfanga sem borist hafa á hliðrænum miðlum ýmsum og voru tæpar 396 klukkustundir afritaðar 2019. Stærsta safnið í vörslu miðstöðvarinnar er án efa safn Péturs Péturssonar þar sem afritað efni er tæpar 163 klukkustundir. Á árinu hófst undirbúningur á endurgerð vefsíðu miðstöðvarinnar. Framsetning verður eintöluð og þar birtir ítarlegir leiðarvísar yfir innihald safnanna.

Leikminjasafn Íslands

Í byrjun ársins var undirritað samkomulag um að safnkosti Leikminjasafns Íslands (sjá bls. 5 og 13). Marín Levý Árnadóttir var ráðin í hlutastarf við frágang og skráningu á einkaskjalasöfnum frá Leikminjasafni í lok janúar og var með aðsetur í handritasafni. Áfanganum var fagnað með samkomu í fyrirlestrasal 8. mars. Þann 16. maí var haldinn á Íslandi ársfundur NCTD – Nordisk Center for Teaterdokumentasjon sem er samstarfsnet norrænna leikminjasafna. Á ráðstefnu í tengslum við fundinn var gerð grein fyrir hvernig vinnu við safnkost Leikminjasafns er háttað og stöðu skráningar. Meðal einkaskjalasafna sem tekin voru til skráningar voru m.a. söfn Helgu Bachmann og Helga Skúlasonar, Klemenzar Jónssonar, Lárusar Ingólfssonar, Björns G. Björnssonar, Sigurðar Grímssonar og Guðbjargar Þorbjarnardóttur.

